



Hjálparstarf
kirkjunnar

actalliance

Starfsskýrsla 2010–2011

Hjálparstarf kirkjunnar

Starfsskýrsla 2010-2011

Aðalfundur

24. september 2011

haldinn í Grensáskirkju



Hjálparstarf
kirkjunnar

Efnisyfirlit

Starf sem ber árangur	3	<i>Fólksbankinn</i>	20
		Sameinaða indverska kirkjan	21
		<i>Skólar og heimavist</i>	21
		<i>Íslenskir styrktarforeldrar</i>	22
Verkefni innanlands	4	Eþíópía	22
Innanlandsaðstoð	4	Malaví	26
Inntak nýrrar nálgunar í innanlandsstarfi	4	Úganda	30
<i>Ný ráðgjöf</i>	7		
Framtíðarsjóður – unga fólk	7	Neyðaraðstoð	31
Velferð barna	7	Pakistan	31
Námssjóður fullorðinna	8	Eþíópía	31
Lyf og læknskostnaður	8	ACT Alliance	31
Jólaaðstoð	8		
Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands	8	Samstarf og fundir um þróunarmál	32
<i>Samráðshópur um málefni utangarðsfólks</i>	8	Framkvæmdastjórafundur Norðurlanda	32
<i>Starfshópur um fátækt í Reykjavík</i>	9	Samráðsvettvangur íslenskra manniðarsamtaka	32
<i>Velferðarvakt</i>	9	í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH	32
<i>Evrópuár um fátækt og félagslega einangrun</i>	9	Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins	33
<i>European Anti Poverty Network á Íslandi</i>	10		
<i>Aðilar að Almannaheillum</i>	10	Fræðslu- og kynningarmál	33
Siða- og verklagsreglur	10	Fréttablaðið Margt smátt	33
Breytendur - Changemaker	11	Fátækt – Hjálpum heima, fræðslu- og	
Fairtrade og landsmót með ÆSKP	11	söfnunarpáttur á Stöð 2	33
Fræðsla, viðburðir og aðgerðir	11	Heimsóknir til hópa	33
Fjaðrafok	12		
Nýir hópar	12	Safnanir og fjáröflun	33
Sumarsnú	12	Fermingarbarnasöfnun	33
Aðalfundur Breytanda 2011	13	Jólasöfnun	34
		Páskasöfnun	34
Þróunarstarf	13	Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is	34
Indland	13	Friðarljós	35
Mannréttindasamtökin Social Action Movement	14	Sóknir, félög, samtök og fyrirtæki	35
<i>Forskólar</i>	14	Einstaklingar	36
<i>Þrælaborð leyst úr ánaud – kvöldskólar</i>	14	Aðrar fjáröflunarleiðir	35
<i>Námskeið og uppákomur</i>	15		
<i>Barnaþing</i>	16	Fjármál	36
<i>Tækninám og færniþjálfun</i>	16	Söfnunarfé og útgjöld	36
<i>Námsstuðningur í staðinn</i>	16	Framlög til verkefna	36
<i>Samstarf og uppákomur</i>	17	Skipulag, stjórn og starfsfólk	37
<i>Stéttarfélag kvenna</i>	17		
<i>Stéttarfélag frumbyggja</i>	17	Fulltrúaráð og stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar	38
<i>Stéttarfélag þvottamanna</i>	18		
<i>Leysingjar í Arpakkam og nágrenni</i>	19		
<i>Umhverfisvernd</i>	20		

Starf sem ber árangur!

Í 40 ár hefur Hjálparstarf kirkjunnar sinnt neyðar- og þróunaraðstoð víða um heim. Ber þetta starf einhvern árangur? Breytir það einhverju? Enn og aftur ógna langvarandi þurrkar og stríðsátök lífi milljóna manna í Austur-Afríku. Mörgum finnst það eflaust vonlaust verk að sporna við því sem virðist vera náttúruleg mál. Þeir leggja árar í bát, hendur í skaut. Eitt af hlutverkum Hjálparstarfs kirkjunnar er að minna á að þeir sem eiga ekkert annað, eiga þó vonina. Það er margreynt hjá fólki sem býr við sárustu fátækt og neyð. Mitt í vonleysinu vex vonin og er oft það eina haldreipi sem ber fólk áfram.

Það fólk sem leitar eftir aðstoð hér heima og það fólk sem sveltur á sléttum Austur-Afríku á eitt sameiginlegt, vonina. Vonina um betri og bjartari framtíð. Samstarfsmenn okkar á Indlandi og í Afríku eru knúnir áfram af þessari sömu von. Von um réttlátara þjóðfélag sem mótað er af samheldni og kærleika.

Í hjálparstarfi eigum við þess kost að hlúa að þessum vonum með áhrifaríkri hjálp sem breytir lífi og framtíð fólks. Kærleikur Krists knýr okkur til athafna. Vegna fórnfýsi og trúfesti fjölda Íslendinga hefur Hjálparstarf kirkjunnar getað létt undir með mörgum bræðrum og systurum bæði hér heima og á erlendri grund. Ber hjálparstarf árangur? Vonandi felst svarið í því sem hér kemur á eftir.

*Jónas Þ. Þórisson
framkvæmdastjóri*

Verkefni innanlands


Innanlandsaðstoð

Umfang aðstoðar sem Hjálparstarf kirkjunnar veitti í vetur ber vott um að kreppan sem hófst 2008 sé ekki yfirstaðin. Umsóknnum um aðstoð hélt áfram að fjölga en þó sáust fyrstu batamerki í því að þeim fækkaði sem voru að sækja um í fyrsta skipti. Mál eldri umsækjenda urðu þó oft erfiðari úrlausnar. Fólk var búið að nýta allar leiðir til að komast yfir erfiðleika en hafði ekki náð landi. Í lok starfsárs valdi Hjálparstarfið nýja nálgun til að svara óskum margra umsækjenda og umræðunni meðal almennings og ráðamanna. Tekin voru upp inneignarkort í matvöruverslanir og mikið lagt í að auka alla ráðgjöf og fræðslu. Árið var erfitt og ögrandi en á margan hátt jákvætt.


Inntak nýrrar nálgunar í innanlandsstarfi

Breytingin úr því að afhenda matarpoka yfir í að gefa inneignarkort og auka ráðgjöf gekk í gildi 1. maí 2011. Henni fylgdi aukinn kostnaður og því var ákveðið að einskorða inneignarkortin við barnafjölskyldur. Öðrum var vísað til annarra hjálparstofnana sem gefa mat, á svæðum þar sem þær starfa. Ef engar slíkar eru á svæði barnlausra umsækjenda, fá þeir einnig mataraðstoð hjá Hjálparstarfinu. Til að geta fengið aðstoð þurfa allir umsækjendur að skila gögnum um tekjur og útgjöld. Sést þá hve mikið viðkomandi hefur milli handanna þegar allir reikningar hafa verið greiddir. Sé mismunur undir viðmiði umbodsmanns skuldara, fær umsækjandi aðstoð Hjálparstarfsins. Sé umsækjandi yfir viðmiði fær hann gögn og útskýringar sendar heim og honum gefinn kostur á að koma með viðbót-


Afgreiðslur eftir kyni




Afgreiðslur eftir aldurshópum og kyni




Ástæður á bak við afgreiðslur




Fjöldi afgreiðslna eftir barnafjölda í fjölskyldu




Fjöldi einstaklinga og afgreiðslna milli starfsára



Framfærsla



Meðalfjöldi afgreiðslna á mann



argögn til að láta umreikna umsóknina. Um 10% umsækjenda fram að lokum starfsársins hafa reynst ofan marka.

Þeir sem uppfylla skilyrði fá í hendur inneignarkort sem virkar eins og hvert annað debetkort. Kortin eru eign Hjálparstarfsins en ekki merkt því. Félagsráðgjafi metur hvaða upphæðir og hversu oft skuli lagt inn hjá hverjum og einum yfir ákveðið tímabil. Að því liðnu kemur umsækjandi með ný gögn og staðan er metin aftur. Fyrstu viðbrögð þeirra sem fengið hafa inneignarkort eru mjög góð. Barnlausir voru um þriðjungur umsækjenda fyrir breytingu og féllu þeir því út, hvað varðar mataraðstoð þar sem önnur samtök veita hana. Í staðinn komu nýjar fjölskyldur sem ekki treystu sér til að standa í röð eftir matarpoka en vilja sækja um inneignarkortin. Þetta fyrirkomulag er hugsað sem tilraunaverkefni til sjö mánaða.

Ný ráðgjöf

Samhliða því að inneignarkortin voru tekin upp var farið af stað með öflugra ráðgjöf, umfram það sem félagsráðgjafar Hjálparstarfsins ná að veita í viðtölum sínum. Einstaklings- og fjölskylduráðgjafi frá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar fór að hafa fasta viðveru hjá Hjálparstarfinu og þrír fjármálaráðgjafar einnig, frá Arionbanka og fyrirtækinu Velgengni. Auk þeirra bauð markþjálfari fram þjónustu sína til að þess að hjálpa fólki að fóta sig í breyttum aðstæðum. Hefur þessi ráðgjöf mælst vel fyrir og er hún vel nýtt. Sem fyrr eiga margir erfitt með að greiða úr fréttum fjölmiðla og fyllast óöryggi og áhyggjum. Því var mikilvægt að veita persónulega ráðgjöf og túlka úrræði og aðgerðir miðað við stöðu hvers og eins. Áfram þarf að leiðbeina og hvetja fólk til að nýta sér ný úrræði, sækja um vinnu og halda virkni. Þannig hefur tekist að styðja marga til sjálfshjálpar.

Ekki er tímabært að meta árangur og afleiðingar þessara breytinga en þær eru viðfangsefni Mastersnema í félagsráðgjöf sem verið hefur í starfsþjálfun hjá Hjálparstarfinu. Mun vinna hans nýtast stofnuninni til að meta framhaldið.

Framtíðarsjóður – unga fólkið

Framlögum úr Framtíðarsjóði Hjálparstarfsins fjölgaði á árinu. 113 ungmenni úr 16 sveitarfélögum fengu aðstoð vegna skólagjalda, bóka- og efniskostnaðar. Fjórir fengu fartölvur þar sem þær voru skilyrði fyrir námi og aðstoðað var vegna gleraugnakaupa og lækniskostnaðar. Samtals námu styrkir rétt rúmlega þremur milljónum króna. Þess má geta að þessi hópur skiptist á 21 framhaldsskóla. Helstu stuðningsaðilar sjóðsins eru Sorpa og einstaklingar.

Velferð barna

Á starfsárinu var lögð enn meiri áhersla á velferð barna. Um 400 börn fengu stuðning vegna skólabyrjunar að hausti 2010 í formi gjafabréfs í verslanir Office1. 76 börn úr 19 sveitarfélögum fengu aðstoð til tólmstunda- iðkunar eða sumargjöf sem þau velja sjálf. Allt árið hafa foreldrar getað fengið gjafakort í Hagkaup til að kaupa föt eða afmælisgjafir fyrir börn sín. Framlagi úr Velferðarsjóði barna var varið til að styrkja fjölskylduna og

skapa góðar æskuminningar. Var farin sú leið að gefa sundkort og árskort í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Barnabros gerðist nýr og öflugur samstarfsaðili um hag barna og fjölskyldna þeirra. Á þeirra vegum fóru hundruð barna og fjölskyldna þeirra í leikhús, bíó, út að borða, góðgæti í skóinn og páskaegg.

Námssjóður fullorðinna

Hjálparstarfið miðlaði endurmenntunarstyrkjum til einstæðra foreldra eða annarra sem standa illa fjárhagslega og félagslega. 11 manns sem eru ýmist í grunnnámi framhaldsskóla og stefna á sérnám eða í endurhæfingu hjá Hringsjá eða Janusi nutu góðs af. Miðað er við fólk sem ekki á rétt á styrkjum annarsstaðar frá. Helstu stuðningaðilar þessa sjóðs eru Alcoa, Sorpa og Alþjóðaráð Evangelísku Lúthersku kirkjunnar í Finnlandi.

Lyf og læknskostnaður

Á starfsárinu fékk Hjálparstarfið tilboð um lyfja- og gleraugnaaðstoð við skjólstæðinga og göngugreiningu frá Lyfjum og heilsu. Fyrirtækið stofnaði lyfjasjóð sem bæði það, önnur fyrirtæki og almenningur greiðir í. Rúmlega 1,8 milljónum króna úr honum var varið á starfsárinu. Stærstur hluti fór í lyfjaaðstoð. 60% þeirra sem fá lyfjaaðstoð eru aðrir en barnafólk. Varkárni er gætt í því hvaða lyf eru greidd til þess að koma í veg fyrir að fólk leysi út lyf sem það hyggst endurselja. Öll lyf eru greidd beint í lyfjaverslanir. Umdeilanlegt er hversu langt stofnun eins og Hjálparstarf kirkjunnar eigi að ganga á þessu sviði sem telja verður til verkefnis hins opinbera. Stuðningur vegna gleraugna er fyrst og fremst ætlaður börnum og ungmennum en einnig fullorðnum sem sækja nám með styrk frá Hjálparstarfinu. 14 börn og ungmenni og fengu gleraugu á þessu starfsári.

Jólaaðstoð

Í desember átti Hjálparstarfið samstarf um jólaaðstoð við Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Reykjavíkurdæld Rauða krossins og nýjan aðila, Hjálpræðisherinn. Samstarf við mæðrastyrksnefndir og Rauða kross-deildir nágrannasveitarfélaganna í Hafnarfirði og Kópavogi styrktist þessi jól og settu aðilar sér skýrari reglur um verklag og samstarf. Eins var komið á samvinnu við Rauða kross-deildir í Mosfellsbæ og Garðabæ um jólaaðstoð. Fjölmörg fyrirtæki lögðu jólaaðstoð lið með vörum og þjónustu. Mikill fjöldi sjálfbodaliða gerði úthlutunina mögulega. 4.059 umsóknir voru afgreiddar og fjölgaði þeim lítið frá fyrra ári. Það má fyrst og fremst rekja til þess að færri komu núna en áður sem voru að leita aðstoðar í fyrsta skipti.

Þátttaka í nefnda- og hópastarfi um aðstoð innanlands

Samráðshópur um málefni utangarðsfólks

Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfsins situr í samráðshópi um málefni utangarðsfólks fyrir hönd stofnunarinnar ásamt fulltrúum frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, geðsviði Landspítala, Rauða krossi Íslands, lögreglunni, Samhjálp, Hjálpræðishernum og Fangelismálastofnun. Samráðshópurinn vinnur að framþróun í þjónustu við utangarðsfólk og

kemur með tillögur að úrbótum. Markmið hópsins er að bæta yfirsýn yfir þjónustu og annað sem snertir málefni utangarðsfólks og auka samvinnu milli ólíkra faghópa, stofnana og félagasamtaka. Einnig er markmiðið að finna leiðir til að veita þá grunnþjónustu sem öllum er nauðsynleg, til að byggja upp heilbrigðis- og félagsþjónustu við utangarðsfólk. Á árinu 2010 var áhersla hópsins einkum á aðstæður heimilislausra kvenna og úrbóta leitað fyrir þær. Nýtt heimili fyrir heimilislausar konur var opnað að Skeggjagötu á haustmánuðum 2010. Árið 2011 hefur áhersla hópsins einkum verið á að efla samstarf þeirra sem koma að málefnum fólks á utangarðsskrá og þá einkum illa staddra innflytjenda í þessum hópi, einstaklinga sem búa við óviðunandi aðstæður, eru framfærslulausir, ósjúkratryggðir, búa á götunni og eru oftast en ekki í mikilli áfengis- og/eða fíkniefna-neyslu.

Starfshópur um fátækt í Reykjavík

Í júlí 2010 skipaði velferðarráð Reykjavíkurborgar starfshóp um fátækt í borginni. Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi frá Hjálparstarfinu var skipuð í starfshópinn ásamt fulltrúum flokka, skrifstofustjóra Velferðarsviðs, tveimur deildarstjórum þjónustumiðstöðva og lektor frá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Helstu verkefni hópsins voru að kortleggja fjölda íbúa í Reykjavík sem taldir eru lífa á eða undir fátæktarmörkum, taka saman úrræði sem í boði eru af hálfu ríkis, borgar og félagasamtaka og leggja fram tillögur um aðgerðir og úrbætur. Hópurinn skilaði drögum að lokaskýrslu til Velferðarráðs í lok maí 2011. Meðal annars var mælt til þess að reglur um fjárhagsaðstoð yrðu rýmkaðar og fjárhæðir auknar. Hefur það, til dæmis, gengið eftir. Hvatt var til meiri stuðnings við börn þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð, einkum varðandi nám og heilsugæslu svo sem tannlækningar og talþjálfun. Fleira var fjallað um, svo sem valkosti í húsnæðismálum og mikilvægi samgangna. Hvatt var til þess að félagsauður þeirra sem standa utan við vinnumarkaðinn yrði virkjaður.

Velferðarvakt

Þegar kreppan skall á skipuðu stjórnvöld svokallaða Velferðarvakt. Vaktin er skipuð fagfólki úr ýmsum geirum sem vinnur náið með ólíkum hópum þjóðfélagsins. Nefndarmenn kynnst þannig frá fyrstu hendi áhrifum kreppunnar á landsmenn og beina tillögum til stjórnvalda um möguleg viðbrögð. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins, Vilborg Oddsdóttir, er fulltrúi Biskupsstofu á Vaktinni. Fór hún þar fyrir undirhópi Velferðarvaktarinnar sem hafði með málefni þeirra verst settu, eftir hrun bankanna, að gera. Sá hópur skilaði skýrslu um stöðu þessa hóps og frekari úrræði. Hana má lesa á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins undir <http://www.felagsmalaraduneyti.is/velferdarvaktin>. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins fundaði einnig reglulega með prófastdæmum og Reykjavíkurborg um stöðu mála.

Evrópuár um fátækt og félagslega einangrun

Árið 2010 var Evrópuár um fátækt og félagslega einangrun og sat Vilborg

Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfsins í undirbúnings- og aðgerðahópi um framkvæmd hér á landi. Til að vekja athygli á stöðu þess hóps sem býr við fátækt og einangrun voru haldnir samráðsfundir, málþing, bíósýningar, ljósmyndakeppni og eins fengu fjölmörg félög og einstaklingar styrk til rannsókna og verkefna.

European Anti Poverty Network á Íslandi

Félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, Vilborg Oddsdóttir, var í farabroddi varðandi stofnun Íslandsdeildar EAPN, evrópskrar stofnunar gegn fátækt, í febrúar 2011. Auk Hjálparstarfsins stóðu Öryrkjabandalag Íslands, Geðhjálp, Hjálpræðisherinn, Félag einstæðra foreldra, Samhjálp og Sjálfsbjörg að stofnun deildarinnar. Á aðalfundi EAPN, 17. júní 2011 var beiðni Íslandsdeildar EAPN um að gerast félagi í Evrópusamtökunum samþykkt, sjá nánar: www.eapn.eu. Tilgangur EAPN er að berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun, hvetja til árangursríkra aðgerða gegn fátækt og að starfa með fátækum, kynna sjónarmið þeirra og stuðla að opinni umræðu um málefni þeirra sem búa við fátækt. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að þrýsta á og kynna íslenskum og evrópskum stjórnvöldum og stofnunum leiðir til að þróa og beita árangursríkum aðferðum sem sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun. Félagið er opið öllum félögum og félagasamtökum er starfa innan þriðja geirans og grásrótarsamtökum sem hafa á stefnuskrá sinni að vinna að málefnum fátækra og félagslega einangraðra.

Aðilar að Almannaheillum

Hjálparstarfið á fulltrúa í stjórn Almannaheilla, regnhlífarsamtaka félaga sem vinna í þágu almennings, og varaskoðunarmann reikninga. Meginverkefni ársins voru að fylgja eftir umleitunum við fjárveitingarvaldið um stuðning við starfsemi samtakanna og undirbúa aðkomu Almannaheilla að vinnu stjórnvalda að heildarlagasetningu um þriðja geirann. Í þeim tilgangi var haldið málþing í febrúar í samvinnu við velferðarráðuneytið og Fræðasetur þriðja geirans. Í apríl var svo haldið málþing aðildarsamtaka, með þjóðfundarsniði, til að fá fram hugmyndir þeirra um óskir og áherslur. Í janúar var haldin málstofa í samvinnu við Fræðasetur þriðja geirans um matarúthlutanir, þáverandi stöðu og framtíðarfyrirkomulag.

Siða- og verklagsreglur

Í ár var unnið að siðareglum fyrir stofnunina og verklagsreglum varðandi ýmsa þætti. Hjálparstarfið tók þátt í skipulagningu námsstefnu um eðli og nauðsyn siðareglna sem Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarfélaga í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu (SÍMAH) stóð fyrir. Í framhaldinu fór fram hópvinna starfsmanna við að semja reglur fyrir stofnunina. Auk þess voru skráðar verklagsreglur fyrir val á þróunarverkefnum og upphaf slíks samstarfs, fyrir aðstoð innanlands, fyrir aðkomu sjálf-

boðaliða, fyrir meðferð fjármuna, fyrir viðbrögð við einelti og kynferðis-
ofbeldi og sí- og endurmenntun starfsmanna.

Breytendur - Changemaker

Breytendur er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar. Breytendur eru hluti af hinni alþjóðlegu Changemaker-hreyfingu sem á uppruna sinn í Noregi. Changemaker starfar einnig í Finnlandi, Ungverjalandi, Kenýa, Pakistan og víðar. Æskulýðsamband kirkjunnar í Reykjavík styður Breytendur og þær eiga aðild að Landssambandi Æskulýðsfélaga. Breytendur starfa með bæði ÆSKR og Æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar á þann hátt að vera vettvangur og hjálpa ungu fólki að gera heiminn að betri stað.

Fairtrade og landsmót með ÆSKP

Í vetur lauk herferð Breytenda sem hófst sumarið 2010 um mikilvægi Fairtrade-viðskipta. Aðgerðir fólust meðal annars í því að á tyllidögum fóru Breytendur á fjölfarna staði og buðu fólki upp á sanngjarnt kaffi. Fólk var fengið til að lýsa stuðningi sínum við Fairtrade-hugmyndina með því að stinga höfðinu í gegnum gat á stóru Fairtrade-plakati og láta taka þannig mynd af sér. Myndirnar voru svo notaðar í áskorun til verslana um að auka úrval Fairtrade-vara. Hafði úrvalið í helstu verslunum þá verið kannað og niðurstöður um það birtar á heimasíðu Breytenda, www.changemaker.is undir liðnum sanngjörn viðskipti. Á landsmóti Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar á Akureyri stóðu Breytendur fyrir gjörningi á Glerártorgi og kynntu Fairtrade-hugtakið. Gestir mótsins gátu unnið ýmis verkefni sem tengdust þróunarmálum og söfnuðu þeir peningum til styrktar þrælarnaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Indlandi. Breytendur eru stoltir af sínum þætti í mótinu og dugnaði krakkanna.

Fræðsla, viðburðir og aðgerðir

Ekki var ráðist í aðra stóra herferð eftir að kynningarátaki um sanngjörn viðskipti lauk. Ákveðið var að geyma slíkt til næsta árs svo nægur tími gæfist til undirbúnings. Ekki vantaði þó upp á lífsgleðina því Breytandahópar héldu upp á ýmsa viðburði með stórum og smáum aðgerðum. Breytendur tóku aftur þátt í Friðargöngunni, sem farin er síðdegis á Þorláksmessu ár hvert. Mannfjöldi var mikill og þó að Breytendur væru ekki fjölmennur hópur í göngunni voru þær stoltar af þátttöku sinni. Í janúar töluðu Breytendur í æskulýðsmessu í Neskirkju. Þar kynntu þær herferð sem Changemaker í Noregi hefur verið að vinna að og beðið systurfélög að leggja lið. Herferðin, *Oljeabhengig*, gekk út á það að benda á hversu háð norskt samfélag væri olíu. Changemaker-félög stóðu fyrir kertavökum þar sem þau sendu stjórnvöldum áskorun um að hætta við fyrirhuguð plön um að bora á enn fleiri stöðum eftir olíu. Breytendur á Íslandi sendu mynd af sinni vöku sem Changemaker í Noregi nýtti í átakinu. Norska ríkisstjórnin ákvað síðar að fresta fyrirhuguðum borunum. Nýr Changemakerhópur

í Grafarholti efndi til síns fyrsta stóra viðburðar á alþjóðlegum degi vatnsins. Haldnir voru tónleika á bökkum Laugardalslaugar og þannig minnt á hvað Íslendingar eru heppnir að eiga svo mikið af hreinu vatni. Gestum var boðið að styðja vatnsverkefni Hjalparstarfs kirkjunnar með fjárframlögum. Þriðja árið í röð fögnuðu Breytendur alþjóðlegum degi sanngjarnra viðskipta. Hann bar upp á alþjóðadag Reykjavíkurborgar og Samhljóms menningarheima, svo aðgerðir sameinuðu þessa viðburði. Héldu Breytendur á borða með Fairtrade-merkinu í göngu niður Skólavörðustíg og kynntu hugtakið fyrir gestum hátíðarinnar í bás og af sviði.

Fjaðrafok

Einn hápunktur ársins var þriðja helgarnámskeið Breytanda, Fjaðrafok, haldið í Arnarholti í Borgarfirði. 20 ungmenni tóku þátt. Á dagskrá var að efla hópinn, hugmyndavinna, fyrirlestrar og skemmtilegir og fræðandi leikir. Á mótinu voru áherslumál Breytanda á Íslandi skilgreind upp á nýtt. Mest áhersla verður á mengun sem tekur til hlýnunar jarðar, úrgangs, sorps og endurvinnslu. Í bakgrunni verða svo mál eins og viðskipti, þar sem Fairtrade er eitt helsta baráttumálið, heilsa, sem felur í sér bæði vatn og sjúkdóma og jafnrétti, sem fjallar um að jafna tækifæri fólks, til dæmis hvað varðar menntun.

Nýir hópar

Veturinn 2010-2011 var stofnaður nýr hópur Breytanda í Grafarholtssókn. Krakkarnir þar eru í elstu bekkjum grunnskólans og funduðu þau aðra hverja viku. Leiðtogar þeirra eru Árni Þorlákur Guðnason og Ólöf Rún Benediktsdóttir. Hópurinn sat tveggja daga námskeið um hugmyndafræði Breytanda / Changemaker. Eftir landsmót ÆSKP sýndu Akureyringar áhuga á að stofna eigin Breytandahóp. Fjórir reyndir félagar fóru norður í janúar og héldu þar heilsdagsnámskeið um það að vera Breytönd. Heppnaðist það framur vonum. Krakkarnir hafa hist reglulega síðan og meðal annars framið gjörning gegn kynþáttafordómum. Breytendur í Reykjavík hafa átt gott samstarf við æskulýðsfélagið í Neskirkju og hafa krakkarnir þar verið dugleg að taka þátt. Stefna elsta Breytandahópsins er að hlúa vel að nýgræðingunum og bjóða nýjum félögum, ekki síst á landsbyggðinni, velkomna á góð undirbúningsnámskeið.

Sumarsnú

Í sumar fóru þrír Íslendingar á *Sumarsnú* Changemaker í Noregi, á Lofoten. Þar hittast Changemaker-félög frá öllum Noregi og fleiri löndum. Ferðin var vel heppnuð, skemmtileg og íslensku þátttakendunum mjög gagnleg. Samhliða mótinu var haldinn fundur Changemaker International, þar sem fulltrúar fimm Changemaker-landa hittast og ræða málin. Ólöf Rún Benediktsdóttir var fulltrúi Breytanda.

Aðalfundur Breytanda 2011

Á aðalfundi í byrjun árs var kjörin ný stjórn: Lilja Salóme Pétursdóttir ritari, Þorsteinn Valdimarsson ritari, Ólöf Rún Benediktsdóttir tengiliður við staðarhópa, Gunnar Óli Markússon og Guðjón Andri Reynisson nýliðunarfulltrúar, Ísold E. Davíðsdóttir meðstjórnandi. Lilja Salóme sagði sig úr stjórninni á vormánuðum vegna anna og kemur varamaður í hennar stað í haust. Var það álit Breytanda að árið hefði verið skemmtilegt, með vel heppnuðum verkefnum, og félagar hlakka til að takast á við það næsta.

Próunarstarf

Hjálparstarfið styður tvö verkefni á Indlandi og verkefni í þremur löndum Afríku. Verkefni á Indlandi styður Hjálparstarfið eingöngu með eigin framlögum en um Afríkuverkefnið hefur stofnunin notið stuðnings Próunarsamvinnustofnunar til margra ára. ÞSSÍ hefur greitt 60% þeirra og til dæmis á síðasta ári fékk Hjálparstarf kirkjunnar mestan stuðning Próunarsamvinnustofnunar af þeim félögum sem stofnunin styrkti. En eftir því sem samningar hafa runnið út hefur ÞSSÍ ekki séð sér fært að endurnýja þá, vegna efnahagsástandsins á Íslandi. Í ár rann út síðasti samningurinn, um Eþíópíu. Samningar um Úganda og Malaví höfðu áður runnið út en Hjálparstarfinu tókst að styðja þau áfram um sinn hluta og jafnvel betur. Samningar eru nú gerðir til eins árs í senn í stað þriggja til fjögurra. Þótt dregið hafi úr framlögum ÞSSÍ hefur Hjálparstarfið notið stuðnings frá Utanríkisráðuneytinu sem deilir út fé vegna hamfara og langvarandi neyðar. Frá ráðuneytinu fékkst stuðningur við próunar- og neyðarverkefnið í Eþíópíu, enda eru þurrkar og vatnsskortur þar mikill sem kallar á neyðaraðstoð og aðgerðir sem draga úr hættu á hamförum. Til viðbótar við færri fjármögnunarleiðir, gerði gengið stofnuninni erfiðara fyrir. Vegna gengislækkunar greiðir stofnunin nú nær tvöfalda upphæð í krónum fyrir sama dollarafjölda en skuldbindingar erlendis eru í dollurum. Fastir styrktarmenn, einkum fósturforeldrar, tóku á sig hækkun vegna gengisbreytinga. Örfáir vildu hætta stuðningi þegar til þeirra var leitað vegna hækkunarinnar og sumir vildu halda áfram án hækkunar. Var það að sjálfsögðu vel þegið. Þrátt fyrir þetta hafa tekjumarkmið stofnunarinnar gengið eftir, sjá yfirlit um fjármál.

Indland

Hjálparstarf kirkjunnar styður tvönn samtök á Indlandi með tvíhliða samningum. 10,5 milljónum króna var varið til verkefna á vegum mannréttindasamtakanna Social Action Movement í Tamil Nadu-fylki. 16,6 milljónir runnu til skólastarfs United Christian Church of India í Andhra Pradesh.

Mannréttindasamtökin Social Action Movement

Hjálparstarf kirkjunnar hefur stutt mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) í Chennai á Indlandi frá árinu 1988. Þau hafa unnið einstakt brautryðjendastarf meðal stéttlausra á Indlandi sem búa við gríðarlega skert mannréttindi. Starfið er fjölþætt, heildstætt og þaulhugað og snýr að réttindabaráttu og menntun barna og fullorðinna.

Forskólar

Hjálparstarf kirkjunnar styður 10 forskóla hjá SAM. Börnin, 2-5 ára, eru börn þvottamanna eða frumbyggja. Þetta eru allra lægst settu þegnarnir í samfélaginu. Börn þeirra þurfa sérstaka athygli og aðstoð til að spara sig í rígnjörvaðri stéttaskiptingu samfélagsins. Markmið forskólanna eru að forða börnum frá skaðlegum áhrifum sem þau verða fyrir á heilsuspillandi vinnustöðum foreldra sinna en foreldrar hafa ekki önnur úrræði en að taka þau með og að búa þau undir almenna skólagöngu. Það gera samtökin með því að reka forskóla fyrir börnin. Þar læra börnin og foreldrar þeirra að mikilvægt er að sækja skóla reglulega, vera stundvís, gæta hreinlætis og vera sæmileg til fara. Skólagangan gefur börnunum forskot sem nýtist þeim þegar þau koma í almenna skóla. Í forskólunum fá þau einnig nægan og næringarríkan mat, eru bólusett og eru undir eftirliti hjúkrunarfræðings. Veturinn 2010-2011 voru 146 börn skráð í forskólana. Þá höfðu 28 úr fyrri árgangi verið tekin inn í almenna skóla og 15 ný börn komið inn. Öll börnin fengu skólabúninga sem foreldrar og börn eru mjög stolt af. Bætt var við kennslugagnakost skólanna í vetur. Mikið er kennt í gegnum leik, söng og hlutverkaleiki. SAM skipulagði námskeið til þess að bæta sífellt þekkingu og færni kennaranna. Sjö kennarar lærðu um barnasálfræði og réttindi barna, aðferðir til að nálgast börn, segja sögur með myndum, skipulagningu, að fönndra úr rusli, kenna í gegnum söng og dans, samskipti og fleira. Á foreldrafundum veita starfsmenn þeim fræðslu og stuðning. Eldri börn úr hópi þvottamanna og frumbyggja fengu að dvelja þrjá daga í sumarþúðum á vegum SAM. Tilgangurinn var að byggja þau upp áfram og styrkja, þótt þau væru nú komin í efri bekk almennra skóla. Þau fengu leiðsögn í námstækni og tímastjórnun, brýnt var fyrir þeim að sýna eldra fólki og kennurum virðingu og þau fengu enskukennslu á nýjan hátt. Þau fengu kennslu í hugleiðslu til þess að auka einbeitingu sína. Sjálfstraust þeirra gagnvart börnum af öðrum stéttum var styrkt, kennt var um félaglegar hliðar stéttaskiptingarinnar til að auka skilning þeirra á stöðu sinni og fjölskyldna sinna.

Þrælaborð leyst úr ánauð – kvöldskólar

Nú rekur SAM 6 kvöldskóla fyrir 247 þrælaborð, 111 stelpur og 136 stráka, í og við borgina Kanchipuram. Þeir voru 9 þar til í maí 2010 en var þá fækkað því aðrir aðilar komu fram á sjónarsviðið til að taka við börnunum. Í kvöldskólana koma börn stéttlausra sem vinna langan vinnudag og dvelja þar um tvo tíma á dag. Þar kynnast þau öðrum börnum í sömu sporum, læra um réttindi sín og samtakamátt gegn þeim sem brjóta á rétt-

indum þeirra. Þau fá að leika sér og vera börn og um leið eru þau búin undir skólagöngu í opinberum skólum. Það er lokamarkmiðið; að borga skuld þeirra, koma þeim inn í almennt skólakerfi og þaðan að beina þeim inn á þær brautir í lífinu sem hugur þeirra stendur til. 47 börn voru leyst úr ánaud á árinu. Börnunum er öllum vel fylgt eftir, bæði í kvöldskólunum og í almennu skólunum. Þau fá heilmikla kennslu til að búa sig undir að fara aftur í skóla og þau sem þangað eru komin geta leitað aftur í kvöldskólana til að fá aðstoð við heimanám. Börnunum er kennt að spara til að eiga fyrir útgjöldum svo sem skólabókum. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd barnanna og rækta góða eiginleika þeirra.

Námskeið og uppákomur

Þrjú hvatningarnámskeið voru haldin yfir starfsárið fyrir 122 ný þrælaborn sem starfsmenn SAM höfðu upp á. Þar er ætlunin að fræða börnin um að þau ættu lögum samkvæmt að vera í skóla og bannað væri að ráða börn til vinnu eins og þau ynnu. Með því að segja þeim frá skólastarfi og mikilvægi menntunar vaknar áhugi þeirra á að segja skilið við þrælkunina og fara frekar í skóla, fá þau til þess aðstoð. Þessir fundir eru þeim algjör uppljómun, þau vita ekkert um gildi menntunar og ímynda sér varla að þau geti átt aðra framtíð fyrir sér en að vinna í þrældómi. Foreldrar koma oft með á svona fundi sem er ekki síður mikilvægt því þau eru lykill að því að styðja börnin sín í þessu ferli sem tekur við ef þau fara í kvöldskólana.

Sumarbúðir voru haldnar fyrir 52 þrælaborn í maí 2010. Markmið þar var það sama og alltaf – að fræða börn um rétt þeirra og hvetja þau og hjálpa til að komast í skóla. Alltaf er áhersla á leik og léttar aðferðir til að miðla upplýsingum og nýrri færni því börnin hafa annars aldrei tíma til að leika sér. Þau læra um menningu síns þjóðfélagshóps, hættur á vinnustöðum, læra að þekkja sjálf sig og greina hæfileika sína og þau eru hvött til að elska og virða foreldra sína um leið og foreldrar eru eflir í uppeldishlutverki sínu.

20 börn í nokkrum einangruðum þorpum þar sem mikið er um farandverkamenn og barnavinnu í steinnámum, voru leyst úr ánaud í sérstöku átaki. Skuldir voru greiddar og börnin tekin inn í kvöldskólana. Foreldrar voru fræddir og hvattir til að skrá börn sín í skóla á næsta skólaári.

Skólastyrkir voru veittir við hátíðlega athöfn. SAM styrkir öll börn á sínum vegum með sömu upphæð og þau hafa sjálf lagt fyrir í gegnum kerfi SAM. Þetta er þeim og fjölskyldum þeirra mikil hvatning og stuðningur. Ásetningur þeirra kemur fram í versni sem börnin höfðu yfir við þetta tækifæri: „Við, börn frumbyggja, höfum lifað í myrkri en höfum nú komið fram í dagsljósið. Við munum fara í skóla, læra vel og við munum ekki fara aftur í barnavinnu.“ Fulltrúar stjórnvalda voru viðstaddir en SAM hefur með aðgerðum sínum orðið til þess að efla aðgerðir stjórnvalda gegn barnaþrælkun.

Barnaþing

Á barnaþingum SAM læra börnin hvernig lýðræðisþjóðfélag virkar og þau mótask sem framtíðarleiðtogar. Þannig læra þau leiðir til að berjast fyrir rétti sínum. Barnaþingin eru haldin vikulega á fjölda staða. Börnin kjósa sér þingmenn og ráðherra fjölbreyttra málaflokka, frá innanríkisráðherra til íþróttaráðherra. Um leið er farið í fundarsköp, hvernig landsþingið starfar, hvernig kosningar fara fram og allt annað sem mikilvægt er í meðferð mála í lýðræðisríki. Málin sem þau fjalla um eru þeim huglæg. Það geta verið vandamál tengd skólanum, heimilum þeirra eða eitthvað sem mætti betur fara í nærsamfélaginu. Börnin eignast fyrirmyndir í leiðtogum landsins, lifandi og látnum, sem hafa skipt sköpum í baráttu stéttlausra. Þau læra að skrifa skýrslur og greinar í blöð. Þau þjálfast í einbeitingu, rökhugsun og í að taka ákvarðanir. Samhliða reglulegu þinghaldi voru haldin sex námskeið þar sem farið var dýpra í ákveðin efni s.s. kvenréttindi, lög og reglur sem gilda um börn og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við þetta öðlast börnin meira sjálfstraust, fá mótvægi við því að sífellt er verið að brjóta þau niður sakir stéttleysisins. Listahópar fá kennslu í dansi, leiklist og brúðuleik sem börnin nýta til að miðla boðskapnum úti á götum til almennings. Það er vinsæl fræðsluleið, bæði grín og alvara.

Tækninám og færniþjálfun

SAM stendur fyrir starfsnámi. Í vetur sóttu 30 nemendur, strákar og stelpur, vélritunarnámskeið. Þau þreyttu opinber lokapróf og náðu 24 þeirra. Góð færni í vélritun eykur líkur á skrifstofustarfi. Einnig var boðið upp á 6 mánaða námskeið í tölvunotkun sem 28 nemendur voru skráðir í og jafnlangt umbrotsnámskeið sem 13 nemendur sóttu. 20 nemendur voru í klæðskeranámi á vegum SAM. Þeir fá ýmist vinnu hjá fataframleiðendum eða kaupa sér saumavél og vinna sjálfstætt. Áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið og að búa nemendur undir að sækja um störf. Einu sinni í mánuði eru starfsmöguleikar ræddir, fyrirtæki í bænum kynnt og hvaða störf geti mögulega verið í boði að námi loknu. Einnig fá nemendur hjálp við að finna önnur námskeið sem gætu hjálpað þeim á leiðarenda. Kanchipuram er að vaxa sem iðnaðarbær og nóg er af störfum.

Starfrækslu opna háskólans hætt – námsstuðningur í staðinn

Opni háskólinn sem SAM rak í fjölda ára hefur nú verið lagður niður. Nemendur hafa fengið inni í öðrum skólum. Í staðinn er hafinn nýr þáttur í starfi SAM, að veita nemendum úr hópi dalíta, á öllum skólastigum, námsstuðning. SAM hefur efnt til samstarfs við fjölda kennara í almenna skólakerfinu. Þeir hittust á fundum í vetur og komu fram með ætlun til að efla nemendur. Búnir voru til spurningabankar úr námsefni 10. bekkjar til að auðvelda nemendum prófundirbúning. Stofnaðir voru leikhópar til að sýna stutta fræðsluleikþætti úti í þorpunum. Það er alltaf árangursrík leið til að fræða bæði börn og ólæsa þorpsbúa. Fjallað er um gildi menntunar til að vinna sig út úr fátækt, mikilvægi ástundunar til að ná árangri og stuðning sem SAM veitir. Börnin voru mjög áhugasöm og náðu að fanga

athygli þeirra sem sáu leikþættina. Keppt var í ræðuhöldum og spurningum, kenndir voru dansar og söngvar úr arfleifð dalíta þar sem hæfileikar barnanna fengu að njóta sín. Slakir nemendur í 10. og 12. bekk fengu stuðningskennslu til að ná prófum. Eftir veturinn heiðraði SAM 25 kennara sem að þessu komu. Voru þeir þakklátir enda höfðu þeir lagt mikið á sig umfram skyldu sína í almennu skólunum og fannst þeir ekki hafa fengið viðurkenningu þar. Fjórir nemendur fengu fjárhagsstyrk til að fara í háskólanám.

Samstarf og uppákomur

SAM stóð, í samvinnu við samtökin Child Line India, fyrir fræðslu til 150 lögreglumanna. Hvöttu samtökin lögregluna til að leita til sín þegar mál snertu velferð barna. Lýðveldisdagurinn var haldinn hátíðlegur með börnum og foreldrum og hvert tækifæri notað til að fræða um samfélagið og rétt stéttlausra. Sama gerðist á alþjóðlegum kvennadegi. Þá er barátta kvennanna sett í stærra samhengi og þær skynja að þær eru ekki einar.

Stéttarfélag kvenna

Stéttarfélag kvenna sem SAM kom á laggirnar er það fjölmennasta með 2.430 félagskonur. Í vetur stóð félagið fyrir þremur námskeiðum um menntun ungra kvenna sem 109 konur sóttu. 63 konur sóttu námskeið um kosningar og 70 sóttu fund þar sem kosið var í stjórn og nefndir félagsins. Í kjölfarið var haldið leiðtoganámskeið fyrir 30 konur sem kosnar voru. Þrjú námskeið voru haldin fyrir nýja félaga. Námskeiðin hafa öll það markmið, með mismunandi aðferðum og áherslum, að efla konur. Mikil fræðsla fer fram um stöðu kvenna, þjóðskipulagið, lög og rétt, og þann órétt sem þær eru beittar í daglegu lífi og heftir framgang þeirra. Farið er með mæðrum og stúlkum yfir helstu pytti sem stúlkur steypast í og hvernig megi afstýra því. Margir foreldrar vilja frekar að börnin vinni fyrir svolitlum tekjum, frekar en engum. SAM vinnur gegn þessu. Stúlkur eru oft giftar án síns samþykkis, allt of ungar. Missi þær eiginmenn sína er þeim útskúfað en ekklar mega gifta sig aftur og eiga sér líf þrátt fyrir makamissi. Konur fá lægri laun en karlar, SAM segir meirihluta kvenna vannærðan og þess vegna máttlittinn, og lengi má telja. Á námskeiðum stéttarfélagsins eru kynntar fyrirmyndir, innlendir og erlendir, og stúlkur og konur hvattar og þeim kennt að setja sér markmið, stefna hátt og vera þrautseigar. Konurnar læra að móta sér stefnu innan stéttarfélaganna, skrifa áskoranir til stjórnvalda, tala á fundum og standa fyrir máli sínu gagnvart opinberum starfsmönnum. Farnar voru kynnisferðir með 15 leiðtoga kvennanna í önnur héruð til að kynnast starfi kvenna þar. Það var mikil hvatning. Stéttarfélagskonur spara reglulega og veita lán úr sjóði sínum en fátækir eiga ekki kost á því annarsstaðar.

Stéttarfélag frumbyggja

SAM stofnaði til stéttarfélags frumbyggja til að þess að þeir ættu auðveldara með að sækja rétt sinn til hins opinbera. Félagar eru 674. Frumbyggjarnir hafa um aldri lifað hirðingjalífi en aðstæður til þess versna með auknum

mannfjölda og landþrengslum. Að mati SAM þurfa frumbyggjar að taka sér fasta búsetu til þess að geta sent börnin sín í skóla, skipulagt baráttu sína í verkalýðsfélögum og notið réttinda sem hið opinbera býður aðeins félagsbundnu fólki. Félag frumbyggja hélt á starfsárinu fimm námskeið um mannréttindi. Meginmarkmið félagsins er að ná til þeirra sem eru ánauðugir í vinnu, vekja þá til vitundar um stöðu sína og hjálpa þeim að greiða skuldir og losna. Efni námskeiðanna er sveigt að markhópnum hverju sinni, ungu fólki, konum og blönduðum hópum. Fagfólk er fengið til fræðslunnar og hamrað er á því sama aftur og aftur. Þótt fólk hrífist með hefur aldalöng kúgun, mann fram af manni, gert fólk undirgefið og hlédrægt. Að mennta börnin er grunnatriði, halda sig frá lánnum gegn vinnu þegar fólk hefur verið leyst úr ánauð, læra á lög og reglur og leiðir til að ná fram kröfumálum sínum, efla sjálfstraust, allt eru þetta mikilvæg langtímamarkmið tekin í smærri skrefum. Fólkið er hvatt til að leita sér annarrar vinnu en í múrsteinagerð, sykurmyllum og steinnámum sem allt er erfiðisvinna við heilsuspillandi aðstæður. Eitt námskeið var haldið fyrir konur um heilsu og hreinlæti. Frætt var um kynþroskaskreiðið og hvernig mætti fræða dætur um það. Brynt var fyrir þátttakendum að kynþroski væri ekki ávísun á að nú mætti gifta stúlkurnar. Þær ættu enn langt í land með að verða tilbúnar í hjónaband og barneignir. Bent var á nauðsyn þess að fara reglulega til læknis á meðgöngu, talað um bólusetningar, nauðsyn þess að láta skrá bæði fæðingar og andlát til þess að eiga rétt á opinberum bótum í tengslum við það. Á hverju ári eflist fólk og fleiri verða færir um að taka þátt í kröfugöngum, reka mál á opinberum skrifstofum og mótmæla órétti. Tíu leiðtogar fengu fræðslu um þjónustu hins opinbera, styrki og tryggingar sem standa fólki til boða. 44 leiðtogar sóttu tveggja daga námskeið í að leiða starf verkalýðsfélaga. Einn hluti þess er að skipuleggja kröfugöngur. Ein ganga var farin, til að fá fleiri frumbyggja til að taka þátt í baráttunni, benda stjórnvöldum á fólkið sem viðsemjendahóp og til að krefjast þess að allir fengju nafnskírteini, skriflega staðfestingu á landskikaeign sinni og afsláttarkort fyrir nauðsynjavörum. Um 2.000 frumbyggjar fóru í gönguna. Ungt fólk í félögunum fékk fræðslu um góðar fyrirmyndir úr sínum þjóðfélagshópi. 64 börn frumbyggja og þvottafólks dvöldu þrjá daga í sumarbúðum til skemmtunar og fræðslu.

Stéttarfélag þvottamanna

Þvottafólk er lægst sett allra í flóknu og rammgerðu stéttakerfi Indverja. SAM hóf starf á meðal þeirra til þess að efla með þeim samtakamátt í gegnum verkalýðsfélög. Opinbera kerfið gerir ráð fyrir aðild fólks að stéttarfélögum og veitir þeim ýmis réttindi í gegnum þau. Þeir sem hafa staðið fyrir utan félög hafa því farið á mis við þau. Stéttarfélag þvottamanna sem í eru 341 félagi, stóð fyrir fjórum námskeiðum á starfsárinu í samvinnu við SAM. Voru það mannréttindanámskeið og þjálfun fyrir gamla og nýja félagsmenn. Rauður þráður er fræðsla um stöðu stéttlausra og sér í lagi þvottamanna, lög, rétt og leiðir út úr fátækt. Mikil áhersla er lögð á að þvottafólk standi hart á því að þiggja ekki mat að launum fyrir vinnu heldur fái greitt í peningum. Ein þvottafjölskylda má sín lítils í því en taki

nokkrar sig saman, með SAM að bakhjarli, gengur það betur. Þá verði stéttlausir að standa saman sem baráttueining og láta rígr lönd og leið þótt mismunandi undirstéttir séu innan þeirra vébanda. Fullorðnum og börnum er gerð grein fyrir því að menntun ungu kynslóðarinnar sé eina leiðin til að ná viðvarandi árangri í baráttunni. Í gegnum sjálfshjálparhópa stéttarfélagans styrkir fólk hvert annað og hvatt var til stofnunar fleiri slíkra hópa. Þar miðlar fólk reynslu og hvatningu meðal annars til að leita annarra starfa en þvotta. Með fræðslu SAM og stuðningi, þorir þvottafólk æ meir að takast á við opinbera starfsmenn og krefjast réttar síns. Á þessu ári tókst hópi þvottafólks til dæmis að fá úthlutað landi til ábúðar sem hið opinbera hafði neitað þeim um í áraraðir af því einhverjir áhrifameiri höfðu óhag af því. Kraftþvottahúsið (Power Laundry), sem félagið rekur, gengur vel. Allir eru búnir að læra vel á þvottavélarnar og fyrirtækið er rekið á sléttu. Enn sem komið er hefur þó ekki verið hægt að greiða út arð. Þvottahúsið auðveldar þvottafólki vinnuna, gerir því kleift að vinna sjálfstætt fyrir fleiri og færir það nær tæknivæddum nútímanum.

Leysingjar í Arpakkam og nágrenni

Undanfarin ár hefur SAM unnið með hópi fólks sem vann þrælavinnu í einangraða þorpinu Arpakkam. Fólkið vann í steinnámu og var ekki hleypt út af svæðinu. SAM fékk vísbendingu um þetta og í kjölfarið var fólkið leyst úr ánauð og fjölda náma í nágrenninu lokað þar sem þær höfðu ekki starfsleyfi. Við tók að byggja fólkið upp og gera því kleift að vinna fyrir sér á annan hátt. Á þessu ári fékk fólkið margvíslega fræðslu á námskeiðum og stuðning. Áherslan er á mannréttindi, heilsu, þjálfun til að geta sótt um önnur störf og svo auðvitað skólagöngu barnanna. Mannréttindi þessa hóps hafa verið lítilsvirt og sjálfsögðustu mál fást seint og illa í gegn. Til dæmis þurfa allir íbúar Indlands að eiga persónuskilríki sem meðal annars gefa þeim réttindi í kerfinu. Til að fá þessi skilríki, staðfestingu á því að fólkið eigi sinn jarðskika til að byggja sér hús, afsláttarkort til að kaupa nauðsynjar og fleira sem hið opinbera gefur út, þarf hins vegar hvert bænaskjalið á fætur öðru til yfirvalda. Æðri stéttir stunda það að taka land af þessum hópi, hirða kofana þeirra eða eyðileggja. Ekkert fæst án þess að múta. Því hefur fólk ekki efni á. SAM neitar að múta en styðst við lög sem eru til þótt ekki hafi skapast hefð fyrir því að fylgja þeim. SAM hefur leyst fjölda fólks úr ánauð og það þarf stöðuga hvatningu til að halda sér frá lánnum eða fyrirframgreiðslu launa svo það lendi ekki aftur í ánauð. Lífið verður síður en svo auðveldara að fengnu frelsinu. Alls staðar eru vindmyllur. En SAM veitir alla mögulega aðstoð, starfsmenn samtakanna herja á opinberar skrifstofur, fá opinbera starfsmenn, oft hátt setta, til að koma á vettvang og kynna sér málin af eigin raun. SAM veitir lögfræðiaðstoð og nýtir fjölmiðla til að vekja athygli á seinagangi stjórnvalda. Fólkið í Arpakkam þarf einnig mikla fræðslu um heilsufar og heilbrigðisþjónustu, einkum konur vegna barnsburðar. Fólkið vill alls ekki fara til lækna, treystir alfarið á gasalækna sem ráða við sumt en annað ekki og skottulækna sem geta verið lífshættulegir. Við eftirlit í vetur reyndist margt ungvíðið blóðlitið og magasár voru algeng hjá eldra fólki. Ungt fólk fékk þjálfun til að hefja

störf á nýju sviði, til dæmis að gerast bílstjórar í fyrirtækjum, skera út í tré ýmsa nytjahluti, selja blóm, búa til sápur, höggva eldivið eða selja föt. Inn í þessi meginmarkmið fléttast sjálfstyrking, áróður gegn tóbaki og notkun örvandi grasa. SAM rekur forskóla fyrir börnin á þessu svæði og mikinn áróður fyrir því að foreldrar sendi börnin í almenna skóla en taki þau ekki með á vinnustað. Sérstaklega eru steinnámurnar hættulegar börnum, egg-hvasst grjót, sprengingar og steinryk.

Umhverfisvernd

SAM hefur haldið áfram baráttu sinni fyrir verndun vatns, til drykkjar og jarðræktar. Samtökin segja stjórnvöld í Tamil Nadu-fylki einstaklega áhugalaus um þróun vatnsmála, ólíkt nágrannafylkjum. Þar til fyrir um öld síðan var jafnt rennsli í stóru ám svæðisins en hefur það nú breyst þannig að mest er á tímum monsúnrigninga og mun minna annars. Áin Palar hefur verið í brennidepli baráttunnar enda hefur hún séð stórum hluta Tamil Nadu-fylkis fyrir vatni um aldir. Þurrir árfarvegir hafa opnað stjórnvöldum og einkafyrirtækjum leið til sandnáms. Alþjóðafyrirtæki á svæðinu eru stórir kaupendur. Við þetta nær vatn ekki að síga í gegnum sandinn og bindast jarðvegi heldur rennur stærri hluti þess burt til sjávar. Grunnvatnsborð hefur lækkað og sjór þrengt sér inn sem hefur eyðilagt jarðveg og gert vatn ódrykkjarhæft. Ofnotkun stórfyrirtækja í landbúnaði og gosdrykkjaframleiðenda hefur einnig dregið úr vatnsframboði. Bændur hafa misst lífibrauð sitt, afkomu fólks verið ógnað og mannréttindabrot framin til að vernda viðskiptahagsmuni. SAM hélt áfram andófi gegn þessu með viðvarandi þrýstingi á stjórnálamenn, samvinnu við verkfræðinga og aðrar hjálparstofnanir. SAM vill fá stíflur í ána til að auka stöðugleika og endurnýjun grunnvatns, að fyrirmynd nágrannafylkja. Fræðslumyndin um ána Palar sem SAM lét gera var sýnd í tugum þorpa og skóla í vetur. Þannig vill SAM virkja almenning í baráttunni. SAM efndi til ræðukeppni og teiknisamkeppni um málið í þremur grunnskólum. Framámönnum var boðið að sjá og heyra afraksturinn og voru þeir sem að komu ánægðir með vakninguna.

Fólksbankinn

Einn þáttur í starfsemi stéttarféлага SAM er að kenna fólki að spara. Þegar sparnaður nær ákveðnu marki má veita lán á minniháttar vöxtum, til atvinnusköpunar eða einkaþarfa. Nú hefur þessi sparnaður verið sameinaður í Fólksbankann. 3.445 manns leggja inn í bankann og fram að þessu hafa 174 fengið lán. Þau hafa orðið til að auka fólki þor og trú á hæfileika sína til að skapa sér atvinnu og komast áfram í lífinu. Sérstaklega hefur bankinn aukið möguleika kvenna. Fólkið á ekki kost á almennri bankaþjónustu sakir fátæktar.

Sameinaða indverska kirkjan

Skólar og heimavist

Sameinaða indverska kirkjan, United Christian Church of India, í Andhra Pradesh-fylki hefur starfað í um aldarfjórðung að því að hjálpa fátæku fólki og börnum þeirra með skólastarfi á nokkrum stöðum, spítalarekstri og matargjöfum. Hjálparstarfið hefur stutt samtökin nær allan þann tíma með því að kosta börn í skóla samtakanna og á heimavist, með stöku stuðningi við spítalann og af og til kostað byggingu og viðhald. Hjálparstarfið er einn stærsti styrktaraðili samtakanna. Á þessu starfsári styrkti Hjálparstarfið, með stuðningi fósturforeldra, alls 415 börn í þremur skólum UCCI. 369 börn voru styrkt til náms og dvalar á heimavist. 46 börn og unglingar sóttu skóla en þjuggu heima. 253 börn eru í grunnskóla en 162 börn í framhaldsskóla. Hjálparstarfið greiðir hluta launa átta kennara til að hjálpa til við að halda í reynda kennara sem gætu freistast af betur launuðu starfi annars staðar. Á starfsárinu tók Hjálparstarfið við tæplega 50 börnum sem Áslaug Stefánsdóttir hafði séð um að fjármagna stuðning við. Áslaug hóf samstarf við UCCI 1988 og kom því til leiðar að Hjálparstarfið stýddi samtökin einnig. Úr hefur orðið rúmlega tuttugu ára farsælt samstarf. Áslaug lést á starfsárinu og hafði þá verið gengið frá því að Hjálparstarfið tæki við börnum hennar og styrktarforeldrum sem henni tengdust.

Börnin eiga öll sameiginlegt að hafa búið við algjöra örbirgð og mörg þekkinga þrælavinnu í grjótnámum, á tehusum, við vefnað, á verkstæðum, í múrsteinagerð og fleiru við ómannúðlegar aðstæður. Flest börnin eru á Emmanúelskólanum í þorpinu Kethanakonda. Nokkur eru í Janet English Medium School, yngrideildaskóla á sama stað, þar sem kennt er á ensku og loks styður Hjálparstarfið ungmenni í iðn-/verkþjálfunarskóla samtakanna. UCCI býður upp á tvö fyrstu ár framhaldsnáms á staðnum. Í gegnum samtökin er hægt að styðja ungmenni áfram til náms í öðrum skólum. Emmanúelskólann sækja alls um 700 heimavistarnemendur á aldrinum 5-17 ára. Skólinn er viðurkenndur og fylgir námsskrá fylkisins. 22 kennarar eru við skólann. Kennt er á telugu, máli héraðsins. Skólahús eru hreinleg með helsta skólabúnaði þótt ekki allar stofur séu búnar bekkjum og borðum. Kemur á móti hvað þjóðin er von að athafna sig á gólfínu. Sérútbúnaðar stofur eru fyrir náttúru- og eðlisfræði. Lóð er snyrtileg með nægt rými til leikja. Á heimavistum sofa börnin í kojum eða á dýnum á gólfínu. Þau eiga hvert sinn kistil til að geyma eigur sínar. Vegna fjölgunar nemenda hefði þurft að stækka heimavistir en fjárskortur hefur komið í veg fyrir það. Það er óviðunandi til lengri tíma en á sama tíma vantar fé til viðhalds. Hjálparstarfið hefur ekki getað orðið við beiðni þar að lútandi. Í skólanum fá börnin þrjár máltíðir á dag og eftirmiðdagskaffi. Þess er gætt að máltíðir séu vel samsettar af nauðsynlegum næringarefnum. Börnin matast sitjandi í beinum röðum á gólfínu og nota eigin disk sem þau þvo og gæta milli mála. Eftirlit er með heilsu barnanna á spítala samtakanna. Vari veikindi lengur en 3-4 daga eru börn þó send heim í umsjá foreldra sinna. Fá börnin send lyf með sér heim. Verði slys er hlúð að viðkomandi

á spítala samtakanna en eftir það eru börn send heim meðan þau eru að ná sér að fullu. Þannig er sjúkrakostnaður að mestu greiddur. Börnin fá fatnað og skóladót á hverju ári. Tíu starfsmenn auk kennara eru við skólann til að sinna börnunum utan kennslu. Þeir kenna umgengni, hjálpa við heima-lærdóm og undirbúning fyrir próf, kenna um samfélagslegar skyldur og fleira. Þeir veita grunnráðgjöf og stuðning þótt ekki sé um faglega sálfræði- eða félagsráðgjöf að ræða. Mikið er um dans, söng, leiki og leiklist. Trúarlíf er áberandi við skólann, enda samtökin kristileg. Þó er haldið upp á ýmsar hátíðir hindúa og engin skilyrði eru um að börn gerist kristin í skólanum né er valið inn í skólann á forsendum trúar. Foreldrar koma og biðja um skólavist fyrir börnin. Einnig sækja þorpsleiðtogar og aðrir um pláss fyrir hönd bágstaddra fjölskyldna.

Íslenskir styrktarforeldrar

Hjálparstarfið tryggir greiðslur fyrir ákveðinn fjölda barna og leitar svo til styrktarmanna um framlög. Þetta er gert til þess að styrktaraðilar þurfi aldrei að ákveða hvort barn kemst í skóla og heldur ekki að bera ábyrgð á því að barnið verði sent heim þurfi þeir að hætta stuðningi. Þetta fyrir- komulag tryggir stöðugleika í skólagöngu barnanna. Í vetur var um 130 börnum óráðstafað til fósturforeldra og greiddi Hjálparstarfið því fyrir þau. Upphæð sem foreldrar greiða var síðast hækkuð 2009 en þyrfti að hækka aftur vegna gengismunar og verðhækkana á Indlandi. Fósturforeldrar fá árlegar upplýsingar um námsárangur, nýja mynd og jólakveðju. Þeir geta skrifað barninu og sent því smágjafir. Börnin eru þó fæst orðin svo góð í ensku að þau geti svarað frá eigin brjósti fyrr en þau eru orðnir unglingar. En menntun býr með börnunum það sem eftir er og hefur margvísleg áhrif á möguleika þeirra og ákvarðanir í lífinu sem munu hjálpa þeim til að lifa farsælla lífi en ella. Vakinn er athygli á því að þótt Indverjar sem þjóð, hafi búið við góðan hagvöxt og séu að mörgu leiti mjög framarlega í samfélagi þjóðanna þá er þar gríðarleg stéttaskipting og mismunur sem ekki hefur tekist að leiðrétta. Um 200 milljónir manna tilheyra hinum stéttlausu eða ósnertanlegu. Þetta fólk hefur ekki notið góðs af meiri hagvexti og er markhópur aðstoðar Hjálparstarfsins.

Eþíópía

Árið 2010 lauk fyrsta samningstímabili verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu um tryggara lífsviðurværi íbúa í Jijiga-héraði. Heildarframlag til verkefnisins á rúmlega þriggja ára tímabili, nam tæplega 1.220.000 USD og var þetta stærsta erlenda verkefni Hjálparstarfsins. Hjálparstarfið greiddi 40% ásamt því að sjá um eftirlit og skýrslugerð. Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkti verkefnið um 60%. Framkvæmdaraðili var Lútherska heimssambandið og Eþíópíska evangelíska Mekane Yesus-kirkjan. Markmið verkefnisins var að ná til 24.500 manns í 10 „kebeleum“ eða þorpsklösum. Verkefnið hófst á miklum þurrkatímum og þurfti að veita neyðaraðstoð áður en sjálft verkefnið komst í gang. Einnig þurfti að taka á þeim vanda að í gegnum árin var fólk orðið háð neyðaraðstoð frá stjórnvöldum og bjóst

við gjöfum í stað þess að þurfa að taka þátt í verkefninu. Nokkurn tíma tók að yfirvinna það. Það setti einnig svip á verkefnið að vegi vantaði til afskekkustu þorpanna og jarðvegur var mjög grýttur og erfitt að grafa fyrir vatnssöfnunarþróm sem voru kjarni verkefnisins og forsenda annarra þátta. Úr þessu var þó unnið og árangur hefur orðið góður. Yfirleitt náðist árangur umfram áætlanir þótt ekki næðist að ljúka öllum þáttum.

Markmið voru fimm og snertu vatn, jarðrækt, réttindi kvenna, heilsufar og samvinnu við stjórnvöld. Verður hér gerð grein fyrir helstu þáttum yfir allan líftíma verkefnisins.

1. Að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds.

Á árunum 2008-2010 voru haldnir 292 samráðsfundir í öllum kebeleum, eða þorpsklösum, með íbúum og opinberum starfsmönnum. Tilgangurinn var að skipuleggja vatnsöflun og virkja alla til samvinnu. Hefðbundin vatnsöflun á þessum slóðum er þannig að fólkið grefur djúpar og víðar þrær sem kallaðar eru birkur og í þær rennur yfirborðsvatn á rigningartímanum. Gerðar voru rannsóknir á 10 stöðum um vænlega staðsetningu birknanna og haldnir 10 kennslu- og hvatningarfundir vegna væntanlegrar birkugerðar. 12 birkur voru svo gerðar á líftíma verkefnisins. Þar af voru tvær umfram áætlun vegna hagræðingar, staðsettar í þorpum utan vébanda verkefnisins. Þrærnar eru stærri en fólk var vant að gera og dugar vatnið í 3-4 mánuði í stað 2-3. Í hverju þorpi er þriggja manna vatnsnefnd. Nefndarmenn lærðu um nýtingu vatnsauðlindarinnar, fengu þjálfun og verkfæri til vinnunnar. Verkfærin máttu íbúar nýta síðar til að gera fleiri birkur, fyrir eigin reikning. Vatnsnefndirnar sjá um viðhald birknanna og fræða og styrkja þorpsbúa í breyttum hreinlætisvenjum. 264 fundir voru haldnir um hreinlæti og sjúkdóma. Þar sem drykkjarvatn á þessu svæði er yfirborðsvatn var enn nokkuð um þá. Bæði gegnum verkefnið og opinbera starfsmenn geta íbúar keypt hreinsitöflur. Þær eru nýjung og sífellt betur gengur að fá fólk til að nota þær. Fjöldi fólks segir frá góðri reynslu sinni af þeim og minni veikindum í fjölskyldunni. Á líftíma verkefnisins voru haldnir 264 fundir um til dæmis geymslu vatns og meðferð þess heima, hvers vegna ætti að nota kamra og hvar ætti að staðsetja þá og mikilvægi handþvotta. Fyrir framkvæmdir verkefnisins þekkti fólk ekkert til kamra. Með tilkomu birknanna verja konur og stúlkur minni tíma í að sækja vatn, tími gefst til annarrar tekjuskapandi starfsemi um leið og heilsa batnar og kraftur til vinnu verður meiri. Samhliða birkunum voru gerðar sérstakar þrær fyrir skepnur sem hefur dregið mjög úr sjúkdómasmiti af þeirra völdum.

2. Að styrkja landbúnað; jarð- og búfjárrækt og vernda auðlindir.

Samvinna og samábyrgð á framkvæmd þróunarverkefna hefur víða skilað góðum árangri. Hefur svo verið í þessu verkefni í ríkum mæli. Samráðsfundir íbúa, opinberra starfsmanna og starfsmanna verkefnisins um jarðrækt og



skepnuhald voru 241 á tímabilinu. Þar var tekið á málum sem íbúar töldu mikilvæg, séð til þess að sameiginleg sýn stýrði aðgerðum og að öllum væri ljóst hvaða hlutverki hver og einn ætti að gegna. Samhliða voru haldnir 70 fundir til að fá bændur til að skipuleggja sig í hópa sem vinna saman að markmiðum. Urðu til 60 hópar sem var 20 umfram áætlun. Áður en farið var í kennslu og framkvæmdir voru gerðar forkannanir á ástandi bithaga og vatnsbóla á 10 svæðum undir verkefninu. Í kjölfarið fengu á tímabili verkefnisins 304 bændur kennslu í sex skipti í betri aðferðum við ræktun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Meðal annars voru lagðir 60 km af steinveggjum til að stöðva yfirborðsvatn og binda jarðveg. Það skilaði sér í miklu minni jarðvegseyðingu að mati manna. Farið var með bændum yfir árstíðabundin verk s.s. að undirbúa jarðveg fyrir sáningu, að sá á réttum tíma, að safna vatni, meðferð illgresis, þreskingu, geymslu afurða og fleira. Þeir fengu bæði fræ þurrkaþolnari og fljótsprotnari tegunda og ný tól. Þar á meðal var ný tegund plóga fyrir þurrar aðstæður og þreskivélar sem stytta vinnutíma til muna. Framfarir hafa orðið í ræktun sem skila meiri uppskeru og betri nýtingu á henni. Bændur nýta einnig tímann betur milli uppskeru og sáningar en áður og vinna sér í haginn. 64 bændur fóru í vettvangsferðir til að víkka sjóndeildarhringinn. Þar sem sjúkdómar og sníkjudýr eru helstu vandamálín við skepnuhald og framleiðni lág á svæðinu voru haldnir fundir þar sem 745 íbúar fengu fræðslu um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar var einnig upplýst um þjónustu sem 142 dýralæknaliðar veita. Þeir voru þjálfaðir í gegnum verkefnið og fengu nauðsynleg tól og tæki. All nokkuð hefur dregið úr sjúkdómum og skepnufelli við þessar aðgerðir. Til að auka líkur á sjálfbærni í verkefninu er samstarf við opinbera starfsmenn og samþætting við áætlanir héraðsyfirvalda mikil. Opinberir starfsmenn eru vanbúnir tækjum og þekkingu og ná ekki til allra svæða verkefnisins. Því var ákveðið að bjóða starfsmönnum þeirra upp á eitt námskeið á ári. Jarðræktar- og dreifbýlissvið héraðsskrifstofunnar valdi 86 starfsmenn til að taka þátt. Voru þeir afar ánægðir með námskeiðin og höfðu margir á orði að þeir hefðu aldrei fyrr á starfsferli sínum farið á námskeið.

3. Að styrkja efnahag og réttindi kvenna.

299 fræðslufundir voru haldnir til að hvetja til þess að konur yrðu virkir þátttakendur í framþróun svæðisins. Þeim var einnig ætlað að vekja og viðhalda umræðu um skaðlegar hefðir eins og umskurð kvenna, HIV/alnæmi og gildandi lög sem varða konur og börn. Vart hefur orðið viðhorfabreytinga til hins betra meðal annars í aukinni þátttöku kvenna í fundum þorpsbúa og með auknum samskiptum þeirra við starfsmenn verkefnisins. Einnig fjölgar sífellt konum sem skrá sig á námskeið og taka upp eigin atvinnurekstur sem hvort tveggja bendir til meira sjálfstæðis þeirra. Haldin voru námskeið í betri heimilisrekstri s.s. um geymslu matar og vatns, hreinlæti í og umhverfis kofann og fleira. Þær lærðu að búa til sparhlóðir fyrir eldamenskuna sem sparar eldivið, tímann sem fer í að finna hann og hlífir umhverfinu. 279 konur sóttu námskeið í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar, endurgreiðslu lána og að auka

viðskipti og færa út kvíarnar þegar þar að kæmi. Þar sem fátækir hafa yfirleitt ekki aðgang að lánsfé eru möguleikar þeirra til að skapa sér atvinnu og auka tekjuöryggi sitt mjög takmarkaðir. Þess vegna veitir verkefnið lán og það fengu 183 konur á tímabilinu. Lán er veitt eftir ákveðið sparnaðar-tímabil kvennanna. Þær skipuleggja sig í hópa og er hver og einn samabyrgur fyrir láni allra í hópnum. Samt er hver kona með sitt verkefni. Þetta tryggir betur stuðning innbyrðis og hvetur til góðra skila.

4. Að bæta heilsu íbúa með sérstöku tilliti til HIV/alnæmis.

Þátttakendur í verkefninu og samfélagið allt líður fyrir alnæmisveiruna þar sem það eru þeir sem standa undir atvinnulífinu sem veikjast. Því er það stór þáttur í verkefninu að fræða fólkið og draga úr áhættuhegðun. Þegar leið á tímabilið voru smitaðir fengnir til liðs í baráttunni. Sýna þurfti fólki að í þeirra samfélagi fyrirfyndist smitað fólk en margir trúðu ekki að svo væri. Hinir smituðu gátu einnig veitt betri svör við ýmsum spurningum en þeir sem ekki höfðu reynt á eigin skinni. 1.500 bolum með slagorðum var dreift til að vera stöðug áminning. 123 opinberir starfsmenn sóttu námskeið verkefnisins um mikilvægi þess að samþætta HIV-málefnið öllum aðgerðum í samfélaginu og áhrif HIV-smits og veikinda á þróunarmarkmið landsins. Farið var í mikilvægi þess að bjóða upp á HIV-próf og hvetja fólk til að fara í þau og fá ráðgjöf og aðstoð greinist það jákvætt. 56 yfirsetukonur sem sinna þátttökuþorpunum sóttu námskeið, í samvinnu við héraðsyfirvöld. Farið var í möguleika nútíma tækni við barnsfæðingar, hvað þær gætu ráðið við og hvað ekki, hreinlæti við fæðingar og fleira. Bæði konur og karlar voru ánægðir með framfarir yfirsetukvenna og fannst þeim þau búa við miklu meira öryggi að þessu leyti. Verkefnið byggði litla heilsugæslustöð með tólum og tækjum til að stuðla að betri heilsu þátttakenda í verkefninu og í nærliggjandi þorpum. Henni fylgir stór vatnstankur og mótorhjól til að sinna útköllum, sækja fólk eða sækja lækni. Stjórnvöld kosta eitt stöðugildi hjúkrunarliða.

5. Að styrkja „kerfið“ – leiðtoga og opinbera starfsmenn til að veita þjónustu.

Verkefnið stóð að 284 fundum þar sem fólk var vakið til vitundar um mikilvæg mál og þeim gefið tækifæri til að ræða þau. Farið var yfir mál eins og tregðu í opinberri þjónustu, ótímabærar giftingar, brottnám kvenna til giftinga, að ekkjur skuli ganga til annars karlmanns í fjölskyldunni, umskurð og að skera úfinn úr börnum með óhreinum áhöldum og fleira. Slíkir fundir þykja besta leiðin til að ná fram hugarfarsbreytingum. 417 manns sóttu fundina sem haldnir voru allt tímabilið. Auk íbúa voru þar fulltrúar opinberrar þjónustu, réttarkerfisins og sharia-dómstólanna, lögreglu og fleiri. Fólkinu tókst að ræða málín þannig að allar upplýsingar kæmu fram og það gat í kjölfarið séð að mest af þessum hefðum fara gegn landslögum og eiga sér enga stoð í trúaritum. Náðist breið samstaða um að upplýsa þá sem gerðu þessa hluti og fá þá ofan af þeim. Dregið hefur úr tilvikum þar sem skaðlegum venjum er viðhaldið. Til að styðja við fram-

kvæmdir og þróun í héraðinu var innleidd hugmynd um hópa sem kæmu að málefnum varðandi heilsu, menntun, landbúnað og umhverfi, skepnuhald, kynjamál og vatn. Þetta var nýjung sem fólk tók vel í enda finnst fólki að það hafi meiri möguleika á að hafa áhrif á þjónustu við sig með því að leggja eitthvað á móti. Markmiðið var að stofna 50 hópa en áhugi var slíkur að þeir urðu 60. Samhliða þessu stóð verkefnið fyrir því að starfsmenn þess og opinberir starfsmenn gerðu könnun og leggðu mat á það hvers vegna opinber þjónusta við íbúa skilaði sér ekki sem skyldi. Á grunni skýrslu um þetta var haldinn tveggja daga fundur um mögulegar lausnir. Samstaða var um að færa þær inn í verkáætlanir framtíðarinnar að eins miklu leyti og unnt var. Fjöldi annarra námskeiða var haldinn fyrir opinbera starfsmenn á ólíkum sviðum, t.d. um hvernig eigi að virkja fólk til þátttöku og valdefla það og um nýja tækni í jarðrækt á þurrkasvæðum, um þúsaldarmarkmiðin og markmið stjórnvalda. Tengslanet HIV-smitaðra og alnæmissjúkra fékk tvær fartölvur og prentara til að geta betur tekið þátt í fræðslu- og forvörnum á vegum verkefnisins. Opinberar skrifstofur fengu stuðning til að sinna sínu starfi s.s. vélhjól til að ná til fjarlæggra þorpa, bóluefni fyrir dýr og lækningatól, tölvur, prentara, myndavél, skrifstofuhúsgögn, ísskáp og fleira. Að lokum fengu sérstakir sjálfbóðaliðar hjá hinu opinbera sem vinna mikið tenglastarf við íbúa, þjálfun. Fjórar fundahrinur voru haldnar og fjallað um leiðir til að virkja fólk til þátttöku, leiðir til að fá alla til að tjá sig og leita lausna. Allt þetta hefur leitt til þess að allir aðilar vinna nú út frá sama skilningi á vandanum sem við er að etja og áætlanir og aðgerðir eru meira í takt. Þjónusta hins opinbera hefur batnað. Hjálparstarfið samþykkti nýja verkefnaáætlun fyrir 2011-2013. Markmið eru þau sömu en umfang heldur minna eða um 200.000 USD á ári.

Malaví

Hjálparstarfið styrkti verkefni um vatnsöflun og betra lífsviðurværi sjálfsþurftarbænda í Malaví um 130.000 USD. Framkvæmdaraðili var Evangelical Lutheran Development Service (ELDS). Verkefnið var unnið í Chikwawa-héraði, í 37 þorpum. Þetta eru 952 heimili þar af 45% undir stjórn kvenna, 32% undir stjórn karla og 23% eru heimili munaðarlausra barna. Markmið eru fimm; á sviði samstarfs við opinbera aðila, vatnsöflunar, meðferðar auðlinda, næringar, fæðuöryggis og skepnuhalds, HIV / alnæmis og kynbundins ofbeldis.

1. Að auka getu ólíkra opinberra aðila til að vinna að vatnsöflun og nýtingu vatns til betra lífsviðurværis.

Fundir voru haldnir með ýmsum hópum til að fræða og auka samstarf aðila á svæðinu. Var nær jafnt hlutfall karla og kvenna á fundunum. Íbúar fengu tækifæri til að ræða saman, greina vandamál varðandi vatn og finna leiðir til lausnar þeim. Opinberir starfsmenn, þorpsleiðtogar og fólk í vatns- og hreinlætisnefndum þorpa vann saman undir stjórn verkefnisins til að fræðast um hlutverk hvers og eins, opna samskiptaleiðir og auka samstarf.

Sérnámskeið voru haldin fyrir fólk í þróunarnefndum um mannréttindi tengd aðgangi að vatni, landslög og reglur um vatn, og nauðsyn á að umgangast auðlindina á sjálfbæran hátt. Árangurinn er sá að fólk hefur orðið miklu virkara í þróun svæðisins. Fólk í vatnsnefndum er orðið meðvitaðra um hlutverk sitt og hvernig það á að haga samvinnu við aðra sem koma að þróun á svæðinu. Það er hæfara í að móta stefnu fyrir sitt þorp, skipuleggja aðgerðir, fylgjast með og meta framvindu og árangur. Íbúar eru meðvitaðri um réttindi sín til vatns bæði sem mannréttinda og sem réttinda íbúa landsins. Það er mikilvægur liður í að gera aðstoðina réttindamiðaða í stað þess að hafa aðgerðir einungis þarfamiðaðar. Fólkið veit nú hvernig það á að bera sig að til að krefjast réttar síns hjá hinu opinbera.

2. Nýta vatn til ræktunar og skepnuhalds til að bæta næringu fólks.

Uppskeyra sjálfsþurftarbanda sem verkefnið beinist að er yfirleitt rýr. Landkostir eru litlir og þurrkar viðvarandi. Til að bæta úr því eru áveitur mikilvægur hluti af verkefninu. Áveituland stækkaði á árinu um 64 hektara með tilkomu 20 fótstignna pumpna. Fjórar bændafjölskyldur deila pumpu og voru því 80 nýir áveitureitir gerðir. Hver fjölskylda hefur að jafnaði 0,8 hektara fyrir sig. Einnig var reistur 18.000 lítra geymir til að miðla vatni á akrana. Nú gefst tækifæri til að fá 2-3 uppskerur í stað einnar. Fótstignu pumpunum er komið niður við litlar stíflur, ár eða tjarnir og vatni dælt þaðan. Vatnsból þorna þó oft alveg yfir þurrasta tímann sem veldur erfiðleikum við að auka framleiðslu verulega. Fólki hefur verið kennt að búa til lífrænan bíómassa til að bera á og auka næringargildi jarðvegs. Það geta bændur gert milli uppskeru og næstu sáningar. Þannig vinna þeir fram fyrir sig í stað þess að vera iðjlausir á þeim tíma eins og tíðkast. Hirsifræjum var dreift til 200 heimila en uppskeyra misfórst vegna þurrka. Þrátt fyrir erfiðleika hefur hagur fólks batnað með fræjum þurrkaþolnari tegunda sem það hefur fengið í gegnum verkefnið. 80 geitur komust í hendur 80 nýrra eigenda og 75 afkvæmum eldri geita í verkefninu var dreift á jafnmörg ný heimili. Skylda er að gefa fyrsta afkvæmið einhverjum sem ekki á og margfaldast þannig áhrifin. Starfsfólk verkefnisins sér um val á nýjum eigendum. Geiturnar bíta ruður af uppskeru, gefa tað til áburðar og tekjur séu þær seldar. Þetta gerist óháð uppskeru og kjöt af þeim gerir mataræði fjölbreyttara. Miklu meiri þekking er á skepnuhaldi fyrir tilstuðlan verkefnisins, bændur þekkja nú til kynbóta og ræktun gengur betur. Þrátt fyrir bólusetningar var nokkuð um skepnudauða í ár. 20 konur fengu kennslu í meðferð og geymslu matvæla og þjálfun í að miðla þekkingunni, sem þær gerðu, til 300 annarra. Þær lærðu einnig um næringarefni og samsetningu matar sem hefur skilað sér í betri næringu íbúa. Árangur af þessum þætti verkefnisins er einnig sá að fólk skilur nú vel samhengi fátæktar og umhverfis. Það sér hve gríðarlegur ágangur er á auðlindir eins og vatn og jarðveg. Þeim hafa opnast nýjar leiðir til að nýta hvort tveggja betur. Þau hafa lært aðrar aðferðir til að auka tekjur en þessar gömlu sem voru afar þurftaþrekar á við, eyddu jarðvegi og juku á afleiðingar flóða og þurrka.

Verkefnið hefur virkjað bæði karla og konur, varpað ljósi á vinnuframlag hvers og eins og ýtt undir samábyrgð og jafnan rétt til að njóta árangurs af verkefninu. Fjöldi frásagna sýnir að fólk hefur meira fé milli handanna vegna afurðasölu. Það hefur getað keypt skólábækur og -búninga fyrir börn sín, lyf, ljósa- og eldunarolíu, sykur, sápu og fleira og getað hafið lítinn atvinnurekstur.



3. Afla vatns til að auka hreinlæti og bæta heilsu munaðarlausra barna, HIV/ alnæmissjúkra og aldraðra.

Nýjar borholur voru gerðar árin 2007 og 2009 en í ár var farið í viðhald og endurbyggingu eldri brunna sem ýmsir fleiri en verkefnið höfðu staðið fyrir. Jarðvegur er harður á svæðinu og þarf yfirleitt að bora eftir vatni í stað þess að handgrafa. Þess vegna reyndist íbúum erfitt að annast viðhald sjálfir og þar sem aðrir aðilar höfðu staðið fyrir brunnagerðinni var fræðsla um viðhald og þjálfun vatnsnefnda ogt áfátt. Verkefnið sá til þess að nefndir voru stofnaðar og veittu 20 nefndarmönnum þjálfun. Viðhaldi var sinnt á 23 borholum sem þjóna nálægt 1900 heimilum. Á þessum slóðum hefur ekki tíðkast að nota kamra en í gegnum verkefnið eru þeir smám saman að ryðja sér til rúms. 30 kamrar voru gerðir með 30 fjölskyldum í 10 þorpum. Þeir eru um leið sýnikennsla fyrir aðra og allir hvattir til að gera sér eigin kamar. Til stóð að gera 100 kamar en það tókst ekki vegna skorts á sementi í landinu. Fólkíð gerir snilldarlega handþvottakrana með vatnsbrúsum sem bundnir eru upp. Hand- eða fótssveif hvolfir brúsanum, fólk þvær sér undir bununni og sleppir svo sveifinni til að loka fyrir vatnið. Undir, grefur fólk holu og fyllir möl. Þannig verður ekki til pollur undir bununni sem er kjörlendi verpandi skordýra. Sápu og handklæði er tyllt einhverstaðar á brúsagrindina. Árangur af þessum aðgerðum er sá að snarlega dregur úr vinnuálagi á konum og stúlkum sem sækja nú vatnið um skemmri veg. Almenn heilsa batnar, framleiðsla búafurða verður meiri og afkoman betri. Ekki síst hjálpa þessar aðgerðir HIV/alnæmissjúkum sem hafa veikt ónæmiskerfi og þurfa að gæta góðs hreinlætis til þess að fá síður sýkingar eða umgangspestir. Fólkíð tekur alltaf þátt í verkefnunum sem skilar sér í því að fólk finnur til ábyrgðar að nýta og viðhalda því sem verkefnið kemur til leiðar.

4. Hjálpa fólki að safna vatni og nýta til sameiginlegra nota og hlúa að auðlindinni.

Lítill uppistöðulón, dammar, hafa verið gerðir í 10 þorpum til að stöðva rennsli yfirborðsvatns sem eyðir jarðvegi og nýtist ekki gróðri. Á fimm stöðum var komið upp bárujárnsþökum á byggingar til að safna af þeim rigningarvatni. Framleiðsla í þorpunum á græðlingum hélt áfram. 805.000 græðlingum var plantað til að festa raka í jarðvegi. Þannig er komið í veg fyrir að rigningarvatn renni burt á yfirborðinu og jarðvegur haldist nógu rakur fyrir plöntur. Þessi verkefnisþáttur var endurtekinn á hverju ári í öllum þorpunum. Tré eru valin þannig að þau séu hraðvaxta og þau megi

einnig nota sem eldsneyti þegar tímabært er að grísa. Það dregur úr ofnýtingu á náttúrulegum gróðri. Þátttaka fólks í þessum þætti verkefnisins eykur mjög skilning á hringrás vatns, nauðsyn þess að vernda auðlindina og láta af venjum sem skaða umhverfið. Þar sem þurrkar og flóð á víxl eru algeng á svæðinu er gróðursetningin liður í að draga úr áhrifum þeirra með betri gróðurþekju. Tré eru einnig gróðursett til að veita matjurtum skugga og girða af fyrir skepnum. Þannig falla skógrækt, jarðrækt til framfærslu og skepnuhald vel saman og henta smábændum einkar vel.

5. Auka jafnrétti og draga úr kynbundnu ofbeldi.

Til að auka jafnrétti er fræðsla um það tvinnuð inn í alla þætti verkefnisins. Vinnuframlag kvenna er dregið fram í dagsljósið og sýnt fram á verðleika þess miðað við önnur störf. Valið er í nefndir verkefnisins þannig að bæði kyn eigi fulltrúa og bæði kyn komi að ákvarðanatöku. Konur og stúlkur eru orðnar merkjanlega fúsari til að taka þátt í verkefnum og hafa meira sjálfstraust. Með umræðum og samvinnu sjá karlarnir framlag þeirra í öðru ljósi. Í nefndum verkefnisins fæst reynsla á samvinnu kynjanna sem hefur skilað góðum árangri og nýtist út fyrir þær. Til að draga úr kynbundnu ofbeldi voru þjálfaðir leiðtogar í málaflokknum í hverju þorpi. Verkefnið skipuleggur ársfjórðungslega fundi með þeim þar sem þeim er hjálpað að fylgjast með árangri, meta og bæta úr því sem þarf, varðandi vitund almennings um kynjajafnrétti og stuðning við fórnarlömb. Þorpsleiðtogar voru einnig fræddir og þjálfaðir og þeir eiga einnig ársfjórðungslega fundi með starfsmönnum verkefnisins. Einnig voru almennir fræðslu- og umræðufundir um kynbundið ofbeldi. Ýmsar leiðir eru farnar til að miðla sjónarmiðum um jafnrétti. Leikrit eru vinsæl þar sem þau henta öllum, ungum, öldnum, læsum sem ólæsum. Þar er boðskapurinn að ofbeldi gegn konum eigi ekki að líða. Sjónar- eða vitundarvottum beri að stöðva ódæðismenn eða segja frá svo leiðtogar geti tekið á málum.

Þótt árangur náist á mörgum sviðum er búskapur í Chikwawa-héraði um margt afar erfiður. Svæðið er einstaklega þurrt og harðbýlt. Uppskera er oft lítil og fólk hefur oft endað með því að þurfa að borða útsæði eða óþroskaða uppskeru. Hvort tveggja dregur úr framtíðartekjum. Markaðir eru ekki heldur margir. Bændur eru háðir verði sem þeir heildsalar bjóða, sem koma í héraðið. Komi flóð eins og oft gerist, kemur ekki langþráð vatn á ræktarlönd, heldur skolast allt burt. Fólk er því oft á hungurmörkum sem dregur afl úr verkefninu. Samt er fólk áhugasamt og viljugt til að leggja á sig vinnu og læra, ef það mögulega getur. Einnig setur mikil útbreiðsla HIV/alnæmis stórt strík í reikninginn. Veikindi draga úr vinnugetu, lyf, umönnun og jarðarfarið kosta sitt. Sjálfbóðaliðar sem hafa verið þjálfaðir deyja og leggja þarf í kostnað við þjálfun nýrra. Nokkur kreppa hefur verið í starfsmannamálum á árinu og sögðu nokkrir upp sem fengið gátu betur launaða vinnu. Ekki er bolmagn til að greiða jafn góð laun og starfsmönnum getur boðist annarsstaðar. Á hinn bóginn var stjórn málaástand stöðugt og opinberar skrifstofur unnu vel með verkefninu. Það er mikilvægt til þess

að þróunarverkefni allra sem vinna á sama svæði séu í takt og samlegðar-
áhrif verði.

Úganda

Hjálparstarfið hefur um árabíl stutt HIV-verkefni í Úganda. Framkvæmd í Rakai, öðru tveggja héraða, annast lítil, sjálfstæð staðarsamtök, Rakai Community Based AIDS Organization, sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins. Lútherska heimssambandið vinnur verkið í Sembabule. Samtals, til beggja samtaka, leggur Hjálparstarfið 70.000 USD. Markmið beggja er að bæta lífskjör HIV/alnæmissmitaðra, aðstand-
enda og eftirlifenda. Útbreiðsla alnæmis er mikil, margir eru fallnir frá og eftir standa munaðarlaus börn og aldnað ekkjur með barnabörn á framfæri sínu. Mikill tími fer í að hugsa um þá veiku. Vatnsleysi plagar íbúa og langt er að sækja vatn þótt ekki sé nema til lágmarks daglegar neyslu. Með vatnsskortri dregur úr persónulegu hreinlæti og sjaldan er þrifið. Óhreinlætið ýtir undir að þeir sem hafa skert ónæmiskerfi eins og alnæmissjúklingar, fái allar umgangspæstir og sýkist auðveldlega af sjúkdómum sem berast með vatninu. Kraftur til vinnu er lítt vegna veikinda og vannæringar. Tekjur eru litlar. Af þeim leiðum sem samtökin fara til að hjálpa fólki styður Hjálparstarfið eftirtaldir:

- að byggja íbúðarhús, frístandandi eldhús með sparhlóðum, gera þvotta-
aðstöðu við hvert hús og deila út helsta heimilisbúnaði.
- að auka vitund um hreinlæti og tengsl þess við góða heilsu með fræðslu
og með því að reisa góða kamra.
- að auka magn og aðgang að hreinu vatni til heimilisnota með því að
koma upp söfnunartönkum fyrir rigningavatn.

Eftirfarandi er tafla yfir framkvæmdir í báðum héraðum.

	SEMBABULE Gert 2010	RAKAI Gert 2010
Hús	4	4
Kamar	4	4
Vatnstankar	4	4
Eldhús	4	4
Hreinlætisnámskeið	9	0
Húsbúnaður	6	4
Eldhúsáhöld	6	4

Húsin eru einföld en þannig að þau endist vel. Þau eru ætluð börnum eða
öldruðum og veikum með börn á framfæri. Því er ekki hægt að gera ráð
fyrir að íbúar sinni miklu viðhaldi. Á fræðslufundum fyrir íbúa, þorps-
leiðtoga og skólaborð hefur fólk fengið skilning á tengslum hreinlætis og
heilsu. Því finnst ekki lengur erfitt og framandi að nota kamra en gerð

Þeirra er hluti af verkefninu. Kamrar eru með steypu gólfi, ýmist hlaðnir úr múrsteini eða með stráveggjum. Fólkið gerir einfalda krana hjá kömr- unum og kemur fyrir sápu og þurrku. Vatnstankar safna vatni af bárujárns- þökum húsanna. Af húsbúnaði og eldhúsáhöldum sem var dreift má nefna moskítónet, dýnur, hillur, vaskaföt, hreinlætisvörur, vatnsbrúsa, pönnur, potta, diska og bolla. Fólkið lærir að gera þvottagrindur og halda leirtaui frá óhreinindum. Þessar aðgerðir hafa skilað þátttakendum miklum breyt- ingum til hins betra. Merkjanlega hefur fækkað tilfellum malaríu, húðsjúk- dóma, niðurgangs, orma og annarra sjúkdóma sem berast með óhreinu vatni eða koma vegna óhreininda og lélegrar loftræstingar.

Neyðaraðstoð

Í ár veitti Hjálparstarf kirkjunnar fjármunum til neyðaraðstoðar í Pakistan og Eþíópíu.

Pakistan

Tvenn framlög voru veitt til Pakistan vegna flóða. Í ágúst lagði Hjálparstarfið fram 2,5 milljónir og utanríkisráðneytið 1,5 milljónir. Í september voru upphæðirnar 2,5 milljónir á móti 10 frá ráðuneytinu. ACT-Alliance tók við framlögnum og dreifði neyðargögnum: fötum, mat og matarílátum, moskítónetum, teppum, vatnsdunkum, bráðabirgðaskjólefni, hreinlætis- þökkum, fræjum og áhöldum til jarðræktar og veittu heilsugæslu.

Eþíópía

Í september 2010 samþykkti utanríkisráðuneytið að styrkja þróunarverk- efni Hjálparstarfsins í Jijiga 2011, eftir að samningur um það við Þróunarsamvinnustofnun rann út 2010. Verkefnið er unnið á afar harð- býlu svæði þar sem þurrkar hafa eyðilagt uppskeru og valdið vatnsskort hjá mönnum og dýrum. Vegna þessara aðstæðna hefur verið nauðsynlegt að tvíanna neyðaraðstoð saman við þróunarverkefnið til þess að geta haldið því gangandi. Það er því um ákveðna viðvarandi neyð að ræða sem ráðuneytið féllst á að styrkja. Framlag þess nam 12 milljónum króna á móti 11 millj- ónum Hjálparstarfsins.

actalliance

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mest af neyðarhjálp sinni í gegnum ACT-Alliance og er einn 111 ACT-aðila um allan heim. Samtökin vinna bæði að neyðarhjálp og þróunaraðstoð með sérstakri áherslu á að brúa bilið milli neyðaraðstoðar og uppbyggingar og vinna sífellt að forvörnum gegn vá. Árið 2010 vann ACT-Alliance í 140 löndum að því að bjarga lífi og byggja upp samfélög í kjölfar neyðar. Velta árið 2010 nam 1,6 milljörðum dala. ACT-aðilar hafa á að skipa 33.000 starfsmönnum og sjálfboðaliðum.

Til að virkja allt þetta fólk notar ACT svokölluð forum eða samstarfsvettvang á lands- og svæðavísu og eru 40 slík starfandi. Þar hittast reglulega allir ACT-aðila í sama landi eða á sama svæði ásamt áheyrnarfulltrúum sem að málum koma. Þar er þekking samnýtt, aðstæður og þarfir metnar, til dæmis fyrir neyðaraðstoð, og aðgerðir samhæfðar. Þessi forum eru lykilþáttur í starfi ACT ásamt vinnuhópum um mál eins og hlýnun jarðar, kynjamál, malaríu, vernd flóttafólks, árangursmat og fleira. Hóparnir veita framkvæmdaraðilum faglegan stuðning. Hóparnir vinna einnig að otun gagnvart stjórnvöldum og alþjóðastofnunum. Í höfuðstöðvum ACT í Genf mætast svo allir ACT-aðilar, þeir sem sækjast eftir aðstoð og þeir sem geta veitt hana í formi fjármuna eða verkframkvæmda á staðnum. Allir ACT-aðilar eru bundnir alþjóðlegum stöðlum um gæði neyðaraðstoðar, fara eftir alþjóðlegum siðareglum hjálparsamtaka og reglum um gagnsæi og ábyrgð.

Samstarf og fundir um þróunarmál

Framkvæmdastjórafundur hjálparstofnana kirkna á Norðurlöndunum

Framkvæmdastjóri og fræðslu- og upplýsingafulltrúi sóttu norræna framkvæmdastjórafundinn sem að þessu sinni var haldinn í Kaupmannahöfn. Fundinn sækja einnig millistjórnendur eftir umræðuefnum hvers fundar.

Samráðsvettvangur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, SÍMAH

Fram í október 2010 leiddu SOS-barnaþorp samráðsvettvang átta frjálsra félagasamtaka í þróunaraðstoð sem ætlað er að vera vettvangur til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Þá tók við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Þátttakendur eru: ABC-barnahjálp, Barnaheill – Save the Children, Hjálparstarfið, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga, SOS-barnaþorp, UNICEF og UNIFEM sem undir lok þessa starfsárs fékk heitið UN Women. Haldnir voru fjórir fundir á starfsárinu. Rammi og umboð samstarfshópsins út á við var mikið á dagskrá. Komið var inn á öryggismál, fyrirkomulag fjármála, skilyrði fyrir aðild að hópnum, mögulega aðkomu að stefnumótun hjá utanríkisráðuneytinu og fleira. Hópurinn stóð að námsstefnu um eðli og þörf á siðareglum fyrir samtök sem veita mannúðaraðstoð. Íslenskir og erlendir sérfræðingar fluttu erindi og stýrðu hópavinnu og umræðum. Þeim var ætlað að búa fundarmenn undir vinnu að gerð siðareglna fyrir sín samtök. Fundirnir eru einnig mikilvægur vettvangur til að skiptast á upplýsingum um starfsemi og áætlanir hverra samtaka.

Samstarfsráð utanríkisráðuneytisins

Hjálparstarf kirkjunnar er meðal 5 fulltrúa SÍMAH sem eiga sæti í 15 manna samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins. Skipað var í ráðið til árunna 2008-2013. Þar sitja einnig fulltrúar atvinnulífs og háskólasamfélagsins. Ráðið er utanríkisráðherra til ráðgjafar um þróunarmál.

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablaðið Margt smátt

Fréttablað Hjálparstarfsins, Margt smátt, fjallar um verkefni sem Hjálparstarfið stendur fyrir eða tekur þátt í, málefni skjólstaðinga heima og heiman og ýmislegt sem er á döfnni. Blaðið kom út fjórum sinnum á árinu. Í október og júní var það í tímaritastærð og sent á um 6.000 styrktaraðila, bókasöfn og víðar. Í tengslum við jólasöfnunina 2010 kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu og fór þannig á heimili landsmanna. Sama var gert í tengslum við páskasöfnun 2011 í apríl. Þá var blaðið helgað þörfinni innanlands og breytingum og viðbótum við aðstoð Hjálparstarfsins á því sviði. Blaðið var hluti af kynningarátaki og upptaktur að sjónvarpsþætti með Stöð 2 og Saga Film, um fátækt og úrræði Hjálparstarfsins.

Fátækt – Hjálpum heima, fræðslu- og söfnunarþáttur á Stöð 2

Í samstarfi við Stöð 2 og Saga Film var gerður tveggja tíma fræðslu- og söfnunarþáttur á Stöð 2 undir yfirskriftinni *Fátækt – hjálpum heima*. Í þættinum, sem sýndur var 26. maí, komu fram bæði sérfræðingar og þeir sem hafa þurft að leita til hjálparstofnana um aðstoð. Voru sögur þeirra ólíkar og sýndu hversu margt getur haft áhrif á framfærslumöguleika fólks. Úrræði Hjálparstarfsins voru kynnt og ný nálgun við mataraðstoð. Þetta var kærkomið og einstakt tækifæri til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsaðferðir Hjálparstarfsins og tegundir aðstoðar.

Heimsóknir til hópa

Farið hefur verið í heimsóknir á ýmsar stofnanir, í kirkjur og í skóla til að kynna starfið í máli og myndum. Fræðsla meðal fermingarbarna fer fram í tæplega 70 sóknum og er getið nánar annarsstaðar í skýrslunni.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbarnasöfnun 2010

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 1.-9. nóvember 2010 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Þátttaka var mjög góð, 67 prestaköll voru

með nú og börnin um 3.000. Söfnunin gekk mjög vel og söfnuðust 7,9 milljónir króna. Í tengslum við söfnunina komu þau Stephen Ssenkima og Charity Namara frá Úganda til að heimsækja og fræða fermingarhópa um uppvöxt í fátækt, líf sitt og aðstæður. Bæði höfðu misst báða foreldra úr alnæmi. Þau sögðu frá því hvernig stuðningur Hjálparstarfsins hefði breytt öllu fyrir þau. Náðu gestirnir mjög vel til barnanna sem fengu þarna að kynna því frá fyrstu hendi sem þau annars bara lesa og heyra um. Fyrir söfnunina sáu börnin einnig myndaseríu um munaðarlaus börn í Úganda og óhreina vatnið sem þau þurfa að drekka. Gestirnir heimsóttu einnig skóla, félagasamtök og kirkjur.

Jólasöfnun

Jólasöfnunin 2010 fór þannig fram að valgreiðslur voru stofnaðar í heima-bönkum landsmanna, jafnt fyrir innanlandsaðstoð og verkefni erlendis. Sem fyrr gátu þeir sem vildu styrkja annað hvort starfið heima eða erlendis, lagt inn á sérreikninga fyrir því. Ekki voru sendir út greiðsluseðlar til 65 ára og eldri eins og gert var í fyrra. Greiðsluseðlar skiluðu 17,2 milljónum króna. Auk þess barst fjöldi framlaga sem gefendur merktu jólnunum, heima eða erlendis, eftir öðrum leiðum.

Páskasöfnun

Um páska var safnað fyrir innanlandsaðstoð. Ráðgerðar voru breytingar á henni frá 1. maí 2011 sem myndu hafa í för með sér aukinn kostnað. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna í lok apríl. Jafnframt voru sendir greiðsluseðlar til 65 ára og eldri. Þetta er í fyrsta skipti sem safnað er eingöngu til innanlandsaðstoðar. Fræðslu og söfnunarþáttur á Stöð 2, Fátækt–Hjálpum heima, var hluti af páskasöfnun. Heildarsöfnunarfé nam um 30 milljónum króna.

Vefsíðurnar gjofsemgefur.is og framlag.is

1.108 gjafabréf voru keypt á vefnum auk þeirra sem seldust á skrifstofunni. Geitur eru langvinsælastar en einnig voru keyptir 33 smokkakassar, 25 kúr, 25 jólagjafir til barna á Íslandi og fleira af þeim 35 vörutegundum sem í boði eru. Kaupandi gjafabréfs gefur framlag og fær í staðinn gjafabréf sem hann afhendir öðrum í stað hefðbundinnar gjafar.

Á vefsíðunni framlag.is gefur fólk til verkefna að eigin vali, án þess að ætla að gefa framlag í nafni þriðja aðila eða nota til gjafa. 77 sinnum voru gefin framlög. Flestir völdu að gefa til þess sem mest væri þörf á að mati Hjálparstarfsins og næst flestir völdu að gefa til aðstoðar innanlands.

Friðarljós

Friðarljós Hjálparstarfsins eru framleidd í kertaverksmiðjunni Heimaey sem er verndaður vinnustaður. Með því að kaupa þau styður fólk því tvö góð málefni. Friðarljós seldust fyrir 9,9 milljónir á árinu.


Sóknir, félög, samtök og fyrirtæki

Heildarframlag sókna til Hjálparstarfs kirkjunnar nam 9,5 milljónum króna. Stuðningur félaga, samtaka og fyrirtækja nam tugum milljóna. Mikið af því var stuðningur við innanlandaðstöðina, einnig gáfu mörg fyrirtæki mat í matarbúrið. 1. maí 2011 var hætt að úthluta mat og inneignarkort í matvöruverslanir tekin upp í staðinn. Mikið var um gjafir, svo sem skófatnað, spil og bækur. Þessar gjafir eru metnar á um 6,5 milljónir króna.


Aðrar fjáröflunarleiðir

Utan stóru safnananna safnar Hjálparstarfið fé eftir öðrum leiðum. Söfnunarsímar Hjálparstarfsins 907 2002 og 907 2003 eru sérstaklega nýttir í tengslum við skyndisafnanir í neyð. Söfnunarbaukarnir fyrir vatn í Afríku standa á kaffihúsum, í verslunum og fyrirtækjum víða um land. Sala minningarkorta hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Minningarkort má kaupa á www.help.is og á skrifstofunni.

Tekjur námu 324,6 milljónum króna



193,5 milljónum varið til verkefna



Fjármál


Söfnunarfé og útgjöld

Tekjur stofnunarinnar frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2011 námu 324,6 milljónum króna. Þrjár safnanir voru á starfsárinu, söfnun fermingarbarna í nóvember, jólasöfnun og svo hefðbundin páskasöfnun auk sjónvarpsþáttar í kjölfar hennar sem jafnframt var söfnun fyrir sama málefni og taldist til páskasöfnunar. Fastir styrktarmenn, regluleg framlög presta og sókna, styrktarlínur í fréttablaðið, kertasala, minningarkort og gjafabréf skila starfinu einnig mikilvægum tekjum. Hjálparstarf kirkjunnar hefur notið góðs af stuðningi Þróunarsamvinnustofnunar og utanríkisráðuneytisins við neyðaraðstoð.

Framlög til verkefna

95,5 milljónum var varið til þróunarverkefna og 16,5 milljónum til neyðarhjálp. 68,7 milljónum var varið til verkefna innanlands auk gjafamatvöru að áætluðu verðgildi um 6,5 milljónir króna. Fræðslu- og kynningarstarf kostaði 12,7 milljónir. Hjálparstarfið hefur á árinu varið 270,9 milljónum til verkefna og reksturs. Af söfnunarfé sem eftir er í lok starfsársins, 271,4 milljónum króna, hefur stofnunin skuldbundið sig til að greiða um 240,6 milljónir vegna langtímasamninga um erlend verkefni. Þróun spannar tíma og mikilvægt er að fólk geti reitt sig á gerða samninga þótt á móti kunnri að blása í fjársöfnun eða aðstæður útheimti meiri framlög til innanlandsverkefna eins og raunin hefur verið í ár.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 270,9 milljónum



Skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar byggir starfsemi sína á skipulagsskrá fyrir stofnunina. Henni stjórnar ráð 13 fulltrúa prófastsdæma, 5 fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla og sókna. Á þessu starfsári voru 68 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Enginn má sitja lengur en 6 ár samfleytt í fulltrúaráði. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Þorsteinn Pálsson formaður
Hrafnhildur Sigurðardóttir fyrrv. bankaútibússtjóri
Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Varamenn:

Elínborg Sturludóttir sóknarprestur í Stafholti í Borgarfirði
Páll Kr. Pálsson verkfræðingur

Skoðunarmenn veikninga

Margrét Albertsdóttir
Hörður Jóhannesson

Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu. Hún ræður framkvæmdastjóra og starfsfólk sem nú eru: Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi í 60% starfi. Atli Geir Hafliðason hafði umsjón með matarbúri fram að skiptum yfir í inneignarkort, sölu Friðarljósa, skipulagningu sjálfbodaliðamála og fleiru. Anna M. Þ. Ólafsdóttir var verkefnastjóri í 75% starfi og Þorsteinn Valdimarsson í 25% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker.

Stjórn og fulltrúaráð Hjálparstarfs kirkjunnar

Stjórn

Aðalmenn:

Þorsteinn Pálsson
Lóa Skarphéðinsdóttir
Hrafnhildur B. Sigurðardóttir

Varamenn:

Sr. Elínborg Sturludóttir
Páll Kr. Pálsson

Skoðunarmenn reikninga:

Margrét Albertsdóttir
Hörður Jóhannesson

Herra Karl Sigurbjörnsson biskup
Bergstaðastræti 75, 101 Reykjavík.
Sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá
stofnunarinnar.

Skipaðir af kirkjuráði

Þorsteinn Pálsson, Háteigsvegi 46,
105 Reykjavík, 2006, 568 1808,
thp@internet.is

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir, Nesbala 20,
170 Seltjarnarnesi, 2005, 561 4641,
820 7691, nesbali@internet.is

Páll Kr. Pálsson, Langagerði 40,
108 Reykjavík, 2010, 820 1030,
pkp@skyggni.is

Rannveig Sigurbjörnsdóttir, Blásölum 22,
201 Kópavogi, 2006, 554 0187, 690 8340,
rannveisi@simnet.is

Lóa Skarphéðinsdóttir, Búhamri 11,
900 Vestmannaeyjum, 2007, 842 4441,
loaskarp@simnet.is

Varamenn kirkjuráðs

Kristín Magnúsdóttir, Brúnavegi 6,
104 Reykjavík, 2006, 698 6961,
kristin.magnusdottir@reykjavik.is

Guðbjörg M. Matthíasdóttir, Birkihlíð 17,
900 Vestmannaeyjum, 2007, 894 2312,
gmatt@isfelag.is

Fulltrúar prófastsdema

Reykjavíkurprófastsdemi vestra

Halldór Kristinn Pedersen, Fellsmúla 6,
108 Reykjavík, 2011, 899 8931,
grensaskirkja@kirkjan.is

Margrét Kr. Sigurðardóttir, Laugarásvegi 12,
104 Reykjavík, 2011, 898 9748,
margretks@gmail.com

Reykjavíkurprófastsdemi eystra

Katla Kristín Ólafsdóttir, Heiðarhjalla 6,
200 Kópavogi, 2009, 554 1761,
katlacr@internet.is

Niels Árni Lund, Gvendargeisla 34,
113 Reykjavík, 2009, 555 2227,
niels.arni.lund@lan.stjr.is

Kjalarnesprófastsdemi

Sr. Þórhallur Heimisson, Lækjargötu 5,
220 Hafnarfirði, 2009, 891 7562,
thorhallur33@gmail.com

Arndís Guðmundsdóttir, Viðarási,
Kjalarnesi, 116 Reykjavík, 2009, 561 5022,
arndisg@postur.is

Vesturlandsprófastsdemi

Sr. Elínborg Sturludóttir, Helgugötu 13,
310 Borgarnesi, 2011, 847 1475,
elinborg.sturludottir@kirkjan.is

Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson, Eyrarvegi 26,
350 Grundarfirði, 2011, 8628415,
adalsteinn.thorvaldsson@kirkjan.is

Vestfirjaprófastsdemi

Hulda Karlsdóttir, Miðstræti 17,
415 Bolungarvík, 2011, 456 7414,
863 3811, hulliman@live.com

Helga Friðriksdóttir, Miðtúni 33,
400 Ísafirði, 2007, 456 4017, 894 4017,
helgaf@snerpa.is

Húnavats og Skagafjarðarprófastsdemi

Úrsula Árnadóttir, Hólabraut 30,
545 Skagaströnd, 2009, 869 1011,
ursula.arnadottir@kirkjan.is

Eyjafjarðarprófastsdemi

Sr. Guðmundur Guðmundsson,
Háalandi 11, 600 Akureyri, 2007,
897 3302, guðmundur.gudmundsson@
kirkjan.is

Stefán Guðlaugsson, Þórustöðum 4,
601 Akureyri, 2007, 462 7650,
fjarkinn@simnet.is

Þingeyjarprófastsdemi

Sr. Örnólfur J. Ólafsson, Skútustöðum,
660 Mývatni, 2006, 860 2817,
fridaddi@est.is

Finnur Baldursson, Lynghrauni 5,
660 Mývatni, 2006, 865 9775,
finnurbald@gmail.com

Austfirjaprófastsdemi

Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir,
Króksholti 1, 750 Fáskrúðsfirði, 2011,
897 1170,
jona.kristin.thorvaldsdottir@kirkjan.is

Sr. Sigurður R. Ragnarsson,

Blómsturvöllum 35. 740 Neskaupstað,
2005, 896 9878,
sigurdur.runar.ragnarsson@kirkjan.is

Múlaprófastsdemi

Gísli Guðmundsson, Kaldá,
701 Egilsstöðum, 2006, 471 1729,
894 1729, solgisl@gmail.com

Ástríður Kristinsdóttir, Laugavöllum 10,
700 Egilsstöðum, 2006, 471 1366,
863 6866, vii@internet.is

Suðurlandsprófastsdemi

Hafsteinn Stefánsson, Túni II, 801 Selfossi,
2006, 482 1063, 862 1063, tun2@simnet.is
Örn Arnarson, Hólabraut 3, 780 Höfn,
2006, 478 1425, 866 6253, krusa@simnet.is

Fulltrúar kosnir af prestaköllum

Reykjavíkurprófastsdemi eystra

Árbejarsókn

Guðbjörg Helgadóttir, Álakvísl 60,
110 Reykjavík, 2007, 567-2304,
gudbjorg@holt.is

Breiðboltssókn

Gyða Kristófersdóttir, Maríubakka 16,
109 Reykjavík, 2011, 844 6526, 823 0514,
gydak@simnet.is

Digranessókn

Halldór Konráðsson, Hlíðarvegi 35,
200 Kópavogi, 2006, 564 1741, 866 7094,
hkth@simnet.is

Kársnessókn

Sigríður Sigfúsdóttir, Helgubraut 15,
200 Kópavogi, 2009, 564 1382, 891 8830,
helgubraut@simnet.is

Benedikt Vilhjálmsson, Kópavogsbraut 73,
200 Kópavogi, 2009, 554 3256, 820 7006,
bv@falkinn.is

Grafarvogssókn

Ingvar Haraldsson, Hverafold 23,
112 Reykjavík, 2004.

Hjallasókn

Svala Hafsteinsdóttir, Efstahjalla 1,
200 Kópavogi, 2006, 554 6998, 696 6998,
mbm@strik.is

Lindasókn

María Kristín Lárusdóttir, Kórsölum 5,
200 Kópavogi, 2011, 564 4215, 894 0189,
mklar@internet.is

Hólabrekkusókn

Jón A. Björnsson, Hamrabergi 7, 111 Reykjavík,
2004, 557 5215, 692 6518,

Fellasókn

Birna Hjaltadóttir, Vesturbergi 177,
111 Reykjavík, 2004, 510 1000, 567 3201,
birnagh@gmail.com

Seljasókn

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 2,
109 Reykjavík, 2004, 557 6848, 868 4863,
lindarsel@simnet.is

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Ássókn

Júlíana Tyrfingsdóttir, Austurbrún 2,
104 Reykjavík, 2005, 553 2292, 847 7310
Sigríður Sigurbjergsdóttir, Sæviðarsundi 19,
104 Reykjavík, 2005,

Bústaðasókn

Magnús Viðar Skúlason, Háagerði 41,
108 Reykjavík, 2010, 588 2701, 895 7500,
magnus@hataekni.is

Dómkirkjusókn

Sigurður Jónsson, Garðastræti 49, 101
Reykjavík, 2004, 551 4189, 899 4959,
sigions@hi.is
Marínó Þorsteinsson, Vesturgötu 19,
101 Reykjavík, 2004, 552 5800,
marino.thorsteinsson@or.is

Grensásókn

Steinunn Ásgerður Frímansdóttir,
Heiðargerði 90, 108 Reykjavík, 2010, 862 2969,
steina@internet.is
Halldór Kristinn Pedersen, Fellsmúla 8,
108 Reykjavík, 2011, 899 8931,
grensaskirkja@kirkjan.is

Hallgrímsókn

Guðlaugur Gunnarsson, Þórsögðu 4,
101 Reykjavík, 2011, 820 6573,
gullig@landsbanki.is
Sigurður Bjarnason, Njálsgötu 9,
101 Reykjavík, 2011, 552 4713,
asasigurdar@simnet.is

Háteigssókn

Haraldur Sigurðsson, Bólstaðarhlíð 15,
105 Reykjavík, 2010, 892 7946,
843 1862, hsn@lrh.is
Helgi E. Helgason, Blönduhlíð 28,
105 Reykjavík, 2009, 552 3511, 899 9341,
helgi@ki.is

Nessókn

Ragnheiður M. Guðmundsdóttir,
Bauganesi 4, 101 Reykjavík, 2011,
849 9327, ragnhm@centrum.is

Langholtssókn

Heiður Þorsteinsdóttir, Nökkvavogi 39,
104 Reykjavík, 2004, 553 0661, 895 0661,
heia@mi.is
Guðrún Áslaug Einarssd., Eikjuvogi 28,
104 Reykjavík, 2007, 553 1929, 893 1929
runacinars@hotmail.com

Laugarnessókn

Hörður Jóhannesson, Sigtúni 25, 105 Reykjavík,
2009, 553 1553, 843 1006, hj@lrh.is

Seltjarnarnessókn

Margrét Albertsdóttir, Bakkavör 5,
170 Seltjarnarnesi, 2009, 561 2696, 693 4707,
margret.albertsdottir@hrafnista.is
Guðmundur Magnússon, Vallhúsabraut 4,
170 Seltjarnarnesi, 2009, 551 4258,
stefnumid@visir.is gm@aberandi.is

Kjalarnesprófastsdæmi

Keflavíkursókn

Leifur Ísaksson, Heiðarholti 22,
230 Reykjanesbæ, 2008, 421 5181, 897 3895,
leifisak@simnet.is

Suðurprófastsdæmi

Ofanleitissókn

Steinunn Einarssdóttir, Vestmannabraut 36,
900 Vestmannaeyjum, 2004, 481 3208,
steinaein@simnet.is
Guðbjörg Matthíasdóttir, Birkihlíð 17,
900 Vestmannaeyjum, 2006, 481 2312

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranessókn

Sigríður Kr. Valdemarsdóttir,
Vesturgötu 105, 300 Akranesi, 2011,
431 1542,861 1347, siggav@prentmet.is
Ragnheiður Grímsdóttir, Vogabraut 42,
300 Akranesi, 2011, 431 2058,
vogabraut@gmail.com

Stuðholtssókn

Sr. Elínborg Sturludóttir, Helgugötu 13,
310 Borgarnesi, 2010, 847 1475,
elinborg.sturludottir@kirkjan.is

Eyjafjarðarprófastsdæmi

Akureyrarsókn

Jón Oddgeir Guðmundsson, Glerárgötu 1,
600 Akureyri, 2010, 462 4301,894 4301,
jonoddgeir@simnet.is

Lögmannshlíðarsókn

Svanhildur Bragadóttir, Fannagili 22,
603 Akureyri, 2011, 462 7525, 891 7525
svanhildur@iv.is,
svanhildur.bragadottir@gmail.com

Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkursókn

Óskar Jóhannsson, Grundargarði 5,
640 Húsavík, 2008, 899 2899, 464 1755,
oj@simnet.is

Vallanesprestakall

Gisli Guðmundsson, Kaldá, Vallahreppi,
701 Egilsstöðum, 2005, 471 1729 894 1729,
solskogar@simnet.is

The page features a white background with decorative elements. A solid yellow shape is in the top right corner, and another is in the bottom left corner. A thin yellow line with a loop is in the top right, and a thin white line with a loop is in the bottom left. A horizontal dotted line with a wave-like pattern runs across the middle of the page.

Heimasíða: www.help.is
Gjafabréf: www.gjofsemgefur.is
Framlög: www.framlag.is
Ungliðahreyfing: www.changemaker.is